

Almennir skilmálar vísitölumiðaðrar söfnunarlífeyristryggingar

Lífeyrir einstaklinga: PrivatRente WachstumGarant

Lífeyrir fyrirtækja: FirmenRente WachstumGarant sem lífeyrissamningur starfsmanna

Staða: 15.7.2018 – Númer skilmála 11 77 94

Ágæti viðskiptavinur,

með tryggingarskilmálum þessum beinum við orðum okkar til þín sem tryggingartaka og samningsaðila.

Ef samið var um frekari sérstaka skilmála, þar sem ákvæði víkja frá þessum almennu skilmálum, hafa sérstöku skilmálarnir forgang.

Þetta á einkum við þegar valið var lífeyrisskeið sem tekur mið af fjármálamörkuðum eða annað lífeyrisskeið, sem í boði var, við upphaf lífeyrisgreiðslu.

Efnisyfirlit

Hugtök	Mikilvæg hugtök útskýrð	Blaðsíða
Greiðsla		2
§ 1	Hver eru helstu einkenni lífeyristryggingar Rente Wachstum Garant?	3
§ 2	Hvaða tryggingagreiðslur innum við af hendi?	3
§ 3	Hvernig er ráðstöfun iðgjalda, frádrætti kostnaðar, áætlun um verðmætatryggingu og útreikningi á verðmæti hluta háttáð?	6
§ 4	Hvaða aðrir kostir eru í boði?	6
§ 5	Hvenær er hægt að laga samninginn að einkahögum þínum?	9
§ 6	Hvernig myndast arðshlutdeild?	9
§ 7	Hvenær hefst tryggingarverndin?	10
§ 8	Hvaða reglur gilda um lögreglu- eða herþjónustu, óeirðir, stríðsátök eða beitingu eða losun kjarna-, líffræðilegra- eða efnavopna/efna?	10
§ 9	Hvaða reglur gilda um sjálfsvíg hins tryggða?	11
§ 10	Hvað merkir tilkynningaskylda fyrir samningsgerð, og hvaða afleiðingar hefur það ef brotið er gegn henni?	11
§ 11	Hvað ber að hafa í huga þegar farið er fram á bótagreiðslu?	12
§ 12	Hvaða merkingu hefur tryggingarskírteini?	12
§ 13	Hver fær greiðsluna?	12
§ 14	Hvenær má aðlaga iðgjöld og greiðslur?	12
Iðgjald		
§ 15	Hvers þarf að gæta við greiðslu iðgjalds?	13
§ 16	Hvað gerist ef við getum ekki innheimt iðgjald á réttum tíma?	13
Uppsögn og undanþága frá greiðslu iðgjalds		
§ 17	Hvenær má segja samningnum upp, og hvaða bætur greiðum við?	14
§ 18	Hvenær má segja samningnum upp, og hvaða áhrif hefur slíkt á greiðslur frá okkur?	14
§ 19	Hvernig er kostnaður vegna samningsins fundinn?	15
Fjárfestingasjóðir og vísitölumiðuð fjárfesting		
§ 20	Hvað gerist ef kaupum á hlutum í vísitölumiðaðri fjárfestingu er hætt eða þau leyst upp?	15
§ 21	Hvað gerist ef útgáfu eða endurkaupum á hlutum í fjárfestingasjóðum er hætt eða ef fjárfestingasjóður er leystur upp?	16
Frekari reglur		
§ 22	Hvernig má komast að því hvert virði samningsins er?	16
§ 23	Hvaða reglur gilda um breytt heimilisfang og nafn?	16
§ 24	Hverjar eru upplýsingaskyldur þínar?	16
§ 25	Hvaða kostnað og gjöld gjaldfærum við sérstaklega og hvaða gjaldskrárbundnu takmarkanir eru í gildi?	17
§ 26	Hvenær þarf í síðasta lagi að halda til streitu gagnvart okkur kröfum vegna tryggingarsamningsins?	17
§ 27	Hvaða réttarreglur gilda um samninginn?	17
§ 28	Hvar er varnarþingið?	17
Skilmálar aðlagaðir		
§ 29	Hvenær má aðlaga skilmálana?	17
Ákvæði		
	Ákvæði um arðshlutdeild samkvæmt 3. mgr. 6. gr.	18
	Ákvæði um gjöld og gjaldskrárháðar takmarkanir samkvæmt 25. gr.	21

Mikilvæg hugtök útskýrð

Í upphafi verða útskýrð, í stafrófsröð, nokkur mikilvæg hugtök sem notuð eru í tryggingarskilmálunum.

Fjárfestingabréfasafn: Fram að upphafi lífeyrisgreiðslu höldum við til haga í sérstakri deild innan tryggra eigna okkar, - svonefndu fjárfestingabréfasafni - , þeim hlutum í vísitölumiðaðri fjárfestingu, eða í þeim fjárfestingasjóðum sem valdir voru, sem falla samningi þínum í skaut. Við upphaf lífeyrisgreiðslu flytjast þeir hlutir, sem falla samningnum í skaut, - og verðgildi þeirra - , úr fjárfestingabréfasafninu og yfir í aðrar eignir okkar.

Hlutur/Verðgildi hlutar: Inneigninni, sem flutt var yfir í fjárfestingabréfasafnið, ráðstöfum við, reikningslega séð, til kaupa á hlutum í vísitölumiðaðri fjárfestingu, eða verjum henni til kaupa á hlutum í þeim fjárfestingasjóðum sem þú valdir.

Verðgildi eins hluta (hlutarvirði) ræðst af verðmætaþróun fjárfestinga í fjárfestingabréfasafninu, eða hluta í fjárfestingasjóðum; það samsvarar verðgildi verðbréfa í vísitölumiðaðu fjárfestingunni, eða – að svo miklu leyti sem slíkt tengist fjárfestingasjóði/-um sem þú valdir – afturköllunarverði eins hluta.

Hlutatengd inneign samanstendur af hlutum í vísitölumiðaðu fjárfestingu okkar, og hlutum í völdu fjárfestingasjóðunum.

Söfnunartími er tímabilið frá upphafi tryggingar fram að væntanlegu upphafi lífeyrisgreiðslu. Ef ekki var óskað eftir lífeyrisgreiðslu við væntanlegt upphaf lífeyristöku, framlengist söfnunartími sjálfkrafa til loka framlengingartíma.

Iðgjaldsgreiðandi er alltaf þú, sem tryggingartakinn. Greiði þriðji aðili iðgjöldin öðlast hann þó engin réttindi úr samningnum við það.

Réttmætur viðtakandi er sá sem þú tilgreindir skriflega sem rétthafa viðkomandi greiðslu.

Kauphallardagar eru þeir dagar, þegar viðskipti eiga sér stað í tiltekinni kauphöll. Allir starfsdagar banka teljast kauphallardagar. Auk þess eru kauphallardagar á fleiri dögum.

Heildarinneign samnings samanstendur af öryggisneign (hefðbundinni heildarinneign) og hlutatengdri inneign (hlutum í vísitölumiðaðri fjárfestingu og í völdum fjárfestingasjóðum). Sundurliðun heildarinneignar fer fram með fastákveðnum hætti (sjá áætlun um verðmætatryggingu).

Okkur ber að mynda **ábyrgðarsjóð** fyrir hvern tryggingarsamning til að geta, hvenær sem er, staðið við tryggingarverndina. Hann er reiknaður út samkvæmt reglum 88. gr. laga um eftirlit með tryggingarsamningum (VAG) og 341. gr. e, og 341. gr. f verslunarlaga (HGB) sem og útgefnum reglugerðum þar að lútandi.

Tryggingarstig:

Það prósentustig samanlagðra umsaminna iðgjalda sem þú tilgreindir, og gilda skal á þeim tímavörðum, hið minnsta, um myndun ævilangs lífeyris, við væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu (fyrir utan iðgjaldahluta til innifalinnna viðbótartrygginga). Þá er hægt að velja, við upphaf samnings, annað hvort 100% eða, í von um hærri ávöxtun, 25% (þá er fjárfest í fjárfestingasjóðum - svo framarlega sem ekki er þörf á stofnun ábyrgðarsjóðs). Síðari breyting á tryggingarstigi er útilokuð (undantekning § 18 undanþága frá greiðslu iðgjalds).

Tryggð lágmarksinneign við væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu er að minnsta kosti til ráðstöfunar við útreikning á ævilöngum lífeyri eða sem **tryggð greiðsla inneignar**. Hún samanstendur af samtölu greiddra iðgjalda að teknu tilliti til umsamins tryggingarstigs afraksturs sem fyrir hendi er úr Lock-In og bónusiðgjöldum sem fyrir hendi eru.

Tryggður lágmarkslífeyrir er tilgreindur í tryggingarskírteininu. Þetta er sú upphæð sem við greiðum að minnsta kosti sem ævilangan, tryggðan lífeyri, við væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu.

Með **Lock-In** eru tíu prósent mánaðarlegrar verðmætaaukningar vísitölumiðaðrar fjárfestingar, eða afraksturs þess fjárfestingasjóðs sem valinn var, tryggð sjálfkrafa: um þá upphæð hækkar tryggð lágmarksinneign við væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu.

Reikniforsendur eru þær forsendur sem nauðsynlegar eru við útreikning samningsins. Þetta eru einkum dánartafla, lágmarksvextir og kostnaður.

Útreiknaður aldur hins tryggða er mismunurinn milli viðkomandi almanaksárs og fæðingarárs hins tryggða.

Upphaf lífeyristöku er sveigjanlegt, þ.e.a.s. á sveigjanlegum lífeyristökutíma má taka út lífeyri mánaðarlega. Auk þess má fresta upphafi lífeyristöku (framlengingartími).

- **Fyrsta mögulega upphaf lífeyristöku:** Upphaf sveigjanlegs lífeyristökutíma
- **Væntanlegt upphaf lífeyristöku:** væntanlegt umsamið upphaf lífeyrisgreiðslna
- **Síðasta mögulega upphaf lífeyristöku:** Lok framlengingartíma

Ef ekki var tekinn út lífeyrir fram að væntanlegu upphafi lífeyristöku frestast upphaf lífeyristöku sjálfkrafa til síðasta mögulega upphafs lífeyristöku. Á framlengingartíma má taka út lífeyri mánaðarlega.

Afturköllunarverð eins hlutar í fjárfestingasjóðnum er það verðgildi sem við kaupum eða seljum hlutinn í fjárfestingasjóðnum á. Á þessu verðgildi eru hlutir í fjárfestingasjóðnum einnig færðir fjárfestingabréfasafninu til tekna eða skulda. Alla jafnan samsvarar afturköllunarverð nettóvörtalningarvirði.

Öryggisneign er sá hluti heildarinneignar samningsins sem bókfærður er sem hluti af öðrum eignum okkar (hefðbundin heildarinneign) í tengslum við áætlun um verðmætatryggingu.

Hinn tryggði er sá sem líftryggður er samkvæmt samningnum.

Tryggingartaki ert þú, sem samningsaðili okkar. Réttindi og skyldur út af samningnum snerta einkum tryggingartaka.

Tryggingartímabil er fyrir upphaf lífeyrisgreiðslu tímabilið sem iðgjald skal greiðast á. Í samningnum með iðgjaldseingreiðslu og á lífeyrisgreiðslutíma er tryggingartímabil eitt ár. Eftir upphaf lífeyrisgreiðslu lýkur tryggingartímabili hverju sinni fyrsta dag þess mánaðar þar sem fyrsta lífeyrisgreiðsla er greidd.

Áætlun um verðmætatryggingu Til að tryggja tryggðan lágmarkslífeyri og tryggðan lágmarkslífeyri, eða til að rísa undir umsýslukostnaði sem til fellur færum við hluta af verðmætum samningsins sem öryggisneign, hluta sem vísitölumiðaða fjárfestingum (IOK) og hluta sem sjóðsfjárfestingu, ef slíkt var valið. Sundurliðun verðgildis samnings fyrir upphaf lífeyristöku fer fram með fastákveðnum hætti.

§ 1 Hver eru helstu einkenni lífeyrstryggingar Rente Wachstum Garant?

(1) Rente Wachstum Garant er söfnunarlífeyrstrygging með ævilangri lífeyrisgreiðslu. Hún veitir þér, við lífun, tryggingarvernd með milliliðalausri hlutdeild í verðmætaþróun séreignarsjóðs í okkar eigu (fjárfestingabréfasafn). Fjárfestingabréfasafnið er rekið aðskilið frá öðrum eignum okkar og fjárfestir sérstaklega í hlutum í vísitölumiðaðri fjárfestingu (IOK) og í fjárfestingasjóðunum hverju sinni. Hluta af inneignum fjárfestum við einnig í öðrum eignum okkar. Til að geta staðið við tryggðan lágmarkslífeyri (sjá 4. mgr. 2. gr.) eða tryggða lágmarksinneign (sjá 5. mgr. 2. gr.) eða til að greiða umsýslukostnað sem til fellur vegna samningsins, dreifum við heildarinneigninni stöðugt á þessar fjárfestingaleiðir í samræmi við áætlun um verðmætatryggingu (sjá 3. mgr. 3. gr.).

Við upphaf lífeyrisgreiðslu færum við frá fjárfestingabréfasafninu þann hluta í IOK, og þeim fjárfestingasjóðum sem valdir voru, og sem falla samningi þínum í skaut, og festum þá í öðrum eignum okkar, hafi ekki verið samið um annars konar lífeyrisskeið samkvæmt 18. mgr. 4. gr. Tengslin við sjóði eða tengslin við IOK rofna; verðmætaþróun IOK eða fjárfestingasjóða hefur því ekki lengur áhrif á hæð ævilangs lífeyris.

(2) Fyrir upphaf lífeyrisgreiðslu gefst kostur á verðmætaaukningu, einkum við gengishækkun verðbréfa fjárfestingabréfasafnsins; gengislækkun fylgir hins vegar hættu á verðmætarýrnun. Verðmætarýrnun getur einnig myndast við óvæntar breytingar hjá IOK (sjá 20. gr.) og fjárfestingasjóðum (sjá 21. gr.); til dæmis getur fjárfestingarfélagið gert hlé á endurkaupum á hlutum. Hjá verðmætum sem rekin eru í öðrum myntum en evrum geta breytingar á gengi gjaldmiðla haft aukaleg áhrif á verðgildi fjárfestingar. Í þessu felst að ævilangur lífeyrir hækkar eða lækkar, allt eftir þróun eigna fjárfestingabréfasafnsins.

Við útreikning á ævilöngum lífeyri er þó til ráðstöfunar, við væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu, heildarinneign sem nemur að minnsta kosti samanlagðri upphæð greiddra iðgjalda (100% eða 25%) inn á lífeyrstrygginguna (hlutfallsleg tryggð iðgjaldsendurgreiðsla við væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu).

(3) Hæð ævilangs lífeyris reiknum við ekki út fyrr en við upphaf lífeyrisgreiðslu,

út frá þeirri heildarinneign sem fyrir hendi er á þeim tímapunkti, (að viðbættum úthlutaðum lokahagnaðarhlutum) og

notum við það reikniforsendur sem í gildi eru um lífeyrisgreiðslur í nýgerðum sambærilegum lífeyrstryggingum þar sem greiðsla lífeyris hefst strax (sjá 3. mgr. 2. gr.).

Vegna þess að reglur þær sem gilda um nýgerða samninga eru notaðar til ávöxtunar (sjá 3. mgr. 2. gr.), veldur úthlutað arðshlutdeild ekki endilega því að ævilangur lífeyrir verði hærri en tryggður lágmarkslífeyrir samkvæmt 4. mgr. 2. gr.

(4) Útreikningur ævilangs lífeyris, sem gerist ekki fyrr en við upphaf lífeyrisgreiðslu og miðað við þær reikniforsendur sem þá eru ráðandi, gefur færi á hærri lífeyri en í öðrum lífeyrstryggingum.

Veruleg breyting á reikniforsendum getur þó einnig leitt til þess að nota þurfi úthlutaðar arðsinneignir við upphaf lífeyrisgreiðslu, að fullu eða að hluta, til að tryggja tryggðan lágmarkslífeyri. Þetta á ekki við ef valin er greiðsla inneignar (sjá 15. mgr. 2. gr.).

Umsaminn tryggður lágmarkslífeyrir helst þó alltaf tryggður.

(5) Heildarinneign er samtala verðgildis öryggisinneignar og hlutatengdrar inneignar. Verðgildi hlutanna finnum við á hverjum kauphallardegi með því að margfalda fjölda hluta sem falla samningi þínum í skaut, með verðgildi eins hlutar. Verðgildi

hluta ákvarðast á kauphallardegi á grundvelli gengis þeirra eigna sem hlutirnir taka til. Þá finnum við verðgildi hvers hlutar sérstaklega í hlutatengdri inneign.

Vísitölumiðuð fjárfesting (IOK)

(6) Vísitölumiðuð fjárfesting (IOK) er fjárfesting sem sérstaklega er sniðin að Rentenversicherung Privat Rente Wachstum Garant, sem, - ásamt öryggisinneigninni til að ábyrgjast tryggða lágmarksinneign við væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu og tryggðan lágmarkslífeyri - , er ætlað að rísa undir stjórnunarkostnaði sem til fellur vegna samningsins. Fjárfestingaáætlun IOK á að takmarka hugsanlegt verðmætatap þeirra hluta sem þar eru, innan fastákveðins öryggistímabils. Öryggistímabilið er einn mánuður hverju sinni.

Innan IOK er inneign sem ráðastafað er til þessara nota færð til reglulega, eftir markaðsaðstæðum. Auk þess er gripið til ákveðinna viðskipta í öryggisskyni. Sjá nánar í upplýsingablaði um fjárfestingaáætlun IOK.

Lock-In

(7) Tíu prósent reglubundinnar verðmætaaukningar IOK, eða valinna fjárfestingasjóða, eru í hverjum mánuði tryggð sjálfkrafa sem afkrakstur: þau hækka tryggða lágmarksinneign (sjá 5. mgr. 2. gr.). Reglubundin verðmætaaukning er sú jákvæða verðmætaaukning hlutanna í IOK, eða valinna fjárfestingasjóða, sem voru úthlutaðir samningnum, og til verður á einum almanaksmánuði á söfnunartímanum. Hvort um jákvæða verðmætaþróun sé að ræða reiknum við út með því að bera sam virðið við upphaf hvers mánaðar, annars vegar, og virðið við upphaf fyrri mánaðar, hins vegar.

Kostnaður við IOK

(8) Kostnaður við IOK er settur saman úr kostnaði vegna umsýslu og innri kostnaði IOK við tilfærslur og kostnaði vegna viðskipta í öryggisskyni. Þessi kostnaður, sem og frekari kostnaður vegna reikninga frá þriðju aðilum í tengslum við kaup og sölu eigna, hefðbundinn kostnaður banka vegna vörslu verðbréfa sem og hugsanlegur skattur sem til fellur í tengslum við kostnað vegna umsýslu og vörslu skuldfæra á IOK. Nánar um kostnað má lesa í upplýsingablaði um fjárfestingaáætlun IOK.

Kostnaður við fjárfestingasjóði

(9) Kostnaður við fjárfestingasjóði, sem og frekari kostnaður vegna reikninga frá þriðju aðilum í tengslum við kaup og sölu eigna, hefðbundinn kostnaður banka vegna vörslu verðbréfa, sem og hugsanlegur skattur sem til fellur í tengslum við kostnað vegna umsýslu og vörslu, skuldfærist á fjárfestingasjóðina. Þessi kostnaður er innifalinn í umsýslukostnaði.

Nánar um kostnað má lesa í upplýsingum okkar um fjárfestingaáætlun IOK og um þá fjárfestingasjóði sem velja má um.

§ 2 Hvaða bætur greiðum við?

Greiðslur okkar frá upphafi lífeyrisgreiðslu

Ævilangur lífeyrir

(1) Ef hinn tryggði - það er sá sem líftryggður er samkvæmt tryggingunni - er á lífi við upphaf lífeyrisgreiðslu, þá greiðum við lífeyri á meðan hinn tryggði er á lífi. Við greiðum lífeyrinn, eftir því sem um var samið, árlega, á hálfs árs fresti, ársfjórðungslega eða mánaðarlega, á umsömdum gjaldögum.

Útreikningur ævilangs lífeyris

(2) Við upphaf lífeyrisgreiðslu reiknum við það sem fyrir hendi er sem

- heildarinneign til viðbótar við
- úthlutaða hluti í lokaarði sem og
- úthlutaða varasjóði virðismismunar eða hugsanlega úthlutaða lágmarkshlutdeild í varasjóðum virðismismunar

ævilangan tryggðan lífeyri frá þeirri stundu.

Ráðandi hvað varðar útreikningi á verðmæti hluta í IOK, sem og hluta í völdum fjárfestingasjóðum, er síðasti kauphallardagur fyrir 15. dag þess mánaðar sem fer á undan upphafi lífeyrisgreiðslu. Ráðandi hvað varðar fjölda hluta er dagurinn þegar lífeyrisgreiðslur hefjast.

Hvort og hversu háum lokaarðshlutum, og lágmarkshlutdeild í varasjóðum virðismismunar, verður úthlutað, ræðst alfarið af áformum um dreifingu arðs á því tímabili þegar lífeyrisgreiðsla hefst. Lokahagnaðarhlutir og lágmarkshlutdeild í varasjóðum virðismismunar geta fallið niður að fullu eða að hluta.

Við úthlutun varasjóða virðismismunar er eingöngu tekið mið af varasjóðum virðismismunar sem taka skal tillit til, lögum samkvæmt, og samkvæmt eftirlitsfyrirmælum um hlutdeild samninga á tímavarki úthlutunar (ráðandi varasjóðir virðismismunar). Útreiknað verðgildi ráðandi varasjóðs virðismismunar hverju sinni getur verið annað en verðgildi raunverulegra varasjóða virðismismunar; getur breyst hvenær sem er, getur einnig sveiflast upp og niður í verulegum mæli og jafnvel fallið algjörlega niður.

Hæð lífeyris sem greiða skal þarf að vera í samræmi við „Ákvæði um kostnað og gjaldskrárháðar takmarkanir samkvæmt 25. gr.“. Að öðrum kosti fer fram greiðsla inneignar samkvæmt 15. mgr. og samningnum lýkur.

(3) Við útreikninginn notum við reikniforsendur sem í gildi eru um lífeyrisgreiðslur í nýgerðum sambærilegum lífeyristryggingum, þar sem greiðsla lífeyris hefst strax.

Sambærilegar lífeyristryggingar, þar sem greiðsla lífeyris hefst strax, eru þær tryggingar þar sem

- gert er ráð fyrir ævilöngum tryggðum lífeyri frá upphafi lífeyrisgreiðslu og greiðslu við andlát,
- ekki er gert ráð fyrir frekari viðbótargreiðslum á lífeyrisgreiðslutíma,
- ekki er gert ráð fyrir áhættumati við lífeyrisgreiðslur og
- gert er ráð fyrir reglum um arðshlutdeild frá upphafi lífeyrisgreiðslu, og eru efnislega sambærilegar söfnunarlífeyristryggingu þinni.

Ef við - við upphaf lífeyrisgreiðslu - þjóðum ekki upp á neinar sambærilegar lífeyristryggingar þar sem greiðsla lífeyris hefst strax, þá notum við, við útreikning ævilangs lífeyris, þær reikniforsendur sem við myndum nota á þeim tímavarki við gerð nýrra samninga um sambærilega lífeyristryggingu, þar sem greiðsla lífeyris hefst strax.

– Þessar reikniforsendur finnum við í samræmi við viðurkenndar tryggingastærðfræðilegar meginreglur, og að þeirri forsendu gefinni, að þær feli í sér þær reikniforsendur sem viðhafa skal og þau lögboðnu eftirlitsfyrirmæli og önnur ákvæði sem í gildi eru hverju sinni, eða opinberar yfirlýsingar Þýska tryggingafræðingafélagsins (DAV), eða afstöðu sambærilegs, óháðs aðila – um útreikning á ábyrgðarsjóði í nýjum, sambærilegum samningum.

Tryggður lágmarkslífeyrir

(4) Ef ævilangur lífeyrir samkvæmt 2. mgr. er lægri en tryggður lífeyrir eins og hann er tilgreindur í tryggingarskrárteini, greiðum við þér í hans stað þennan tryggða lágmarkslífeyri.

Tryggður lágmarkslífeyrir ræðst fyrst og fremst af umsömdu tryggingarstigi (6. mgr.).

Ef tryggður lágmarkslífeyrir sem greiða skal nær ekki lágmarksupphæð samkvæmt liðnum „Ákvæði um gjöld og gjaldskrárháðar takmarkanir samkvæmt 25. gr.“, fer fram greiðsla inneignar samkvæmt 15. mgr. og samningnum lýkur.

Tryggð lágmarksinneign við væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu

(5) Við útreikning á ævilöngum lífeyri samkvæmt 2. mgr. er að minnsta kosti heildarinneignin við væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu til ráðstöfunar:

- samanlögð upphæð greiddra iðgjalda vegna lífeyristryggingarinnar við væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu að teknu tilliti til umsamins tryggingarstigs að viðbættum
- afrakstri sem fyrir hendi er úr Lock-In við væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu (7. mgr.) að viðbættum
- bónusíðgjöldum sem fyrir hendi eru (8. mgr.; sjá ákvæði um arðshlutdeild samkvæmt tölul. 2.1, 3. mgr., 6. gr.).

Heildarinneign umfram það getum við ekki tryggt.

Iðgjaldahlutar vegna innifalinnar viðbótartygginga eru ekki innifaldir í tryggðum iðgjöldum við væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu.

Þær reikniforsendur sem í gildi eru í reynd við upphaf lífeyrisgreiðslu og eru ráðandi fyrir útreikning ævilangs lífeyris eru ekki þekktar. Ef þær reynast óhagstæðari en reikniforsendurnar sem lágu til grundvallar við samningsgerð – sem lægri lágmarksvextir eða verulega auknar ævilíkur – geta verðgildin orðið lægri.

Tryggingarstigi

(6) Við samningsgerð er hægt að ákvarða hversu mörg prósent samtölu iðgjaldsins (án iðgjaldahluta vegna innifalinnar viðbótartygginga), við væntanlegt upphaf lífeyristöku, skuli vera til ráðstöfunar, hið minnsta, sem hluti tryggðrar lágmarksinneignar við útreikning á ævilöngum lífeyri. Velja má um annaðhvort 100% eða 25%. Við val 25% tryggingarstigs stofnast aukaleg fjárfesting í fjárfestingasjóðum.

Lock-In við væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu

(7) Með gengishækkun hluta í vísitölumiðuðu fjárfestingunni (IOK) og í völdum fjárfestingasjóðum, fyrir upphaf lífeyrisgreiðslu, má ná fram verðmætaaukningu.

Við athugum mánaðarlega hvort um verðmætaaukningu sé að ræða. Í því skyni berum við á fyrsta kauphallardegi viðkomandi almanaxmánaðar saman verðgildi þeirra hluta í IOK, eða í völdu fjárfestingasjóðunum, sem úthlutað var til samningsins og verðgildi þeirra á fyrsta kauphallardegi undangengins almanaxmánaðar. Verðmætaaukning er til staðar ef verðgildið í lok mánaðar er hærra en í byrjun mánaðar. Þá hækkar tryggð lágmarksinneign við væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu um tíu prósent viðkomandi verðmætaaukningar (Lock-In við væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu).

Vegna Lock-In hækkar tryggður lágmarkslífeyrir ekki (4. mgr.).

Bónusíðgjöld við væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu

(8) Tryggð lágmarksinneign hækkar fyrir upphaf lífeyrisgreiðslu um bónusíðgjöld samkvæmt ákvæðum um arðshlutdeild samkvæmt tölul. 2.1, 3. mgr. 6. gr.

Bónusíðgjöld hækka ekki tryggðan lágmarkslífeyri (4. mgr.).

Sveigjanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu

(9) Upphaf lífeyrisgreiðslu er sveigjanlegt:

• Væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu

(10) Í upplýsingapakka undir tölulíð II.2 (Almennar tryggingarupplýsingar „Upplýsingar um tryggingargreiðslu sem í boði er“) og í tryggingarskrárteini tilgreinum við umsamið væntanlegt upphaf lífeyristöku.

Skilyrði upphafs lífeyrisgreiðslu á þeim tíma er, að umsókn þar að lútandi berist okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir væntanlegt upphaf lífeyristöku. Að öðrum kosti hefst framlengingartími sjálfkrafa (12. málsgrein).

• Fyrsta mögulega upphaf lífeyrisgreiðslu

(11) Þó er hægt að taka lífeyrisgreiðslu út fyrr en ætlað var strax á sveigjanlegum lífeyristökutíma, við upphaf hvers mánaðar. Í því tilviki greiðum við ævilangan lífeyri hins tryggða í fyrsta skipti á útborgunartíma, ef hinn tryggði er þá á lífi. Í því tilviki skerðist tryggður lágmarkslífeyrir samkvæmt 4. mgr. í samræmi við tryggingastærðfræðilegar meginreglur.

Skilyrði upphafs lífeyrisgreiðslu á þeim tíma er, að umsókn þar að lútandi berist okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir væntanlegt upphaf lífeyristöku. Að öðrum kosti hefst lífeyrisgreiðsla ekki fyrr en fyrsta dag næsta mánaðar þar á eftir.

Sveigjanlegur lífeyristökutími varir í fimm ár hið mesta. Upphaf og endi sveigjanlegs lífeyristökutíma sem og lífeyri árlega á samningsdegi tryggingarinnar er að finna í upplýsingapakka undir tölulíð II.2 (Almennar tryggingarupplýsingar „Upplýsingar um tryggingargreiðslu sem í boði er“) og í tryggingarskrárteini. Hæð lífeyris á mánaðarlegum útborgunartímum milli samningsdaga tryggingarinnar finnum við í samræmi við tryggingastærðfræðilegar meginreglur.

Ef lífeyrisgreiðsla er tekin út fyrr en ætlað var, lýkur á útborgunardegi viðbótartryggingum sem enn eru innifaldar.

• Síðasta mögulega upphaf lífeyrisgreiðslu

(12) Ef lífeyrisgreiðsla var ekki tekin út við væntanlegt upphaf lífeyristöku, framlengist söfnunartími sjálfkrafa til loka framlengingartíma. Ef í samningum var samið um reglubundnar iðgjaldsgreiðslur fram að væntanlegu upphafi lífeyristöku, framlengist iðgjaldsgreiðslutími á sama hátt.

Hægt er að taka lífeyrisgreiðslu út á sveigjanlegum lífeyristökutíma, við upphaf hvers mánaðar. Í því tilvikni greiðum við frestaðan lífeyri í fyrsta skipti á útborgunartíma, ef hinn tryggði er þá á lífi. Við reglubundnar iðgjaldsgreiðslur hækkar tryggð lágmarksneign, samkvæmt 5. mgr., um greidd iðgjöld eftir væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu inn á söfnunarlífeyristrygginguna. Tryggðan lágmarkslífeyri (4. mgr.) reiknum við út að nýju í samræmi við viðurkenndar tryggingastærðfræðilegar meginreglur. Þá helst hann að minnsta kosti jafn hár og um samdist í upphafi.

Skilyrði fyrir úttekt frestaðrar lífeyrisgreiðslu er, að umsókn þar að lútandi berist okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umbeðna dagsetningu. Að öðrum kosti hefst frestað lífeyrisgreiðsla ekki fyrr en fyrsta dag næsta mánaðar þar á eftir.

Framlengingartími varir í mesta lagi fram að 85. afmælisdegi hins tryggða. Upphaf og endi framlengingartíma sem og lífeyri á samningsdegi tryggingarinnar hverju sinni er að finna í upplýsingapakka undir töluvið II.2 (Almennar tryggingarupplýsingar „Upplýsingar um tryggingargreiðslu sem í boði er“) sem og í tryggingarskírteini.

(13) Í síðasta lagi við væntanlegt upphaf lífeyristöku lýkur inniföldum viðbótartryggingum. Þetta á einnig við ef upphafi lífeyristöku er frestað fram í framlengingartíma. Iðgjöld viðbótartrygginganna falla niður.

Tryggð hækkun lífeyris

(14) Ef samið var um hækkun lífeyris eftir upphaf lífeyrisgreiðslu hækkar áunninn tryggður lífeyrir árlega um umsamið prósentustig. Fyrsta hækkun gerist við upphaf annars árs lífeyrisgreiðslu.

Greiðsla inneignar

(15) Hægt er að fara fram á að í stað lífeyris greiðum við heildarinneign, sem fyrir hendi er, sem eina greiðslu (greiðsla inneignar) á gjalddegi fyrstu lífeyrisgreiðslu, ef hinn tryggði er þá á lífi.

Skilyrði þessa er, að umsókn um greiðslu inneignar berist okkur í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir gjalddegi fyrstu lífeyrisgreiðslu.

Með greiðslu inneignarinnar lýkur samningnum. Greiðslu inneignar innum við af hendi á grundvelli verðgildis heildarinneignar (sjá 5. mgr. 1. gr.). Ráðandi við útreikning á verðmæti hluta er kauphallardagurinn fyrir 15. dag þess mánaðar sem fer á undan greiðslu inneignar. Ráðandi hvað varðar fjölda hluta er dagurinn þegar inneign er greidd. Við innum þó af hendi tryggða greiðslu inneignar, hið minnsta (sjá 5. mgr.).

Greiðsla inneignar af okkar hálfu, ef um alvarlegan sjúkdóm er að ræða (Dread-Disease-Option) gildir ekki um bakábyrgðartryggingu í tengslum við lífeyristryggingu á vegum fyrirtækis

(16) Ef hinn tryggði veikt af alvarlegum sjúkdómi á söfnunartíma má, fyrir upphaf lífeyristöku, fara fram á greiðslu inneignar sem nemur upphæð heildarinneignar (sjá 5. mgr. 1. gr.). Þetta á ekki við, ef samið var um að samningurinn væri bakábyrgðartrygging í tengslum við lífeyristryggingu á vegum fyrirtækis.

Umsókn um greiðslu, ásamt staðfestingu á alvarlega sjúkdómnum, þarf að berast okkur í síðasta lagi daginn fyrir umbeðinn útborgunardag. Útborgunardagur má ekki vera síðar en tveimur árum eftir að alvarlegi sjúkdómurinn kom upp. Greiðslu inneignar innum við af hendi á grundvelli heildarinneignar sem fyrir hendi er á fyrsta degi síðasta mánaðar fyrir útborgunardag.

Með greiðslu inneignar lýkur samningnum.

Alvarlegir sjúkdómar, í skilningi þessara skilmála, sem þarfnast staðfestingar sérfræðilæknis, á ykkar kostnað, eru:

• Hjartaáfall

Óafturræk skemmd í hjartavöðva vegna bráðrar stíflu í kransæð. Sjúkdómssgreininguna skal staðfesta með hefðbundnum verkjum fyrir brjósti, hækkuðum rannsóknagildum sem eru einkennandi fyrir hjartavöðva (ensím) og nýjar niðurstöður hjartalínurits sem sýni breytingar, dæmigerðar fyrir hjartaáfall. Heilkenni bráðrar hjartabilunar eru undanskilin.

• Heila- og mænisigg

Afmylandi sjúkdómur í miðtaugakerfinu með óafturrækri hefðbundinni vanstarfsemi tauga og hefðbundnum sjúkdómssvöldum sem staðfesta skal með viðeigandi myndgreiningartækni.

• Heilablóðfall

Heilablóðfall vegna heilablæðingar eða blóðtappa í heila af völdum stíflu eða rofs í heilaæð eða sem afleiðing blóðreks frá öðrum líffærum. Hjartaslagið verður að hafa leitt til skyndilegrar langvarandi vanstarfsemi tauga. Taugaskemmdirnar verða að hafa staðið yfir sannanlega í að minnsta kosti sex vikur frá hjartaslaginu og horfurnar á að þær séu til frambúðar verið staðfestar.

• Nýrnabilun

Varanleg nýrnabilun beggja nýrna (lokastig nýrnabilunar) sem krefst stöðugar blóðskilunar eða nýrnaigræðslu.

• Blinda

Algert og ólæknalegt sjónleysi á báðum augum. Það telst einnig blinda ef sjónskerpan nær á hvorugu auganu meira en 1/50, jafnvel þótt horft sé með báðum augum.

• Heyrnartap

Algert og ólæknalegt heyrnartap á báðum eyrum. Heyrnarskerðing, sem nemur að minnsta kosti 90 prósentum án möguleika á leiðréttingu með heyrnartæki, jafngildir heyrnartapi.

• Þverlömun

Mænuskaði og alger og varanleg lömun beggja neðri útlima.

Greiðslur okkar við andlát hins tryggða

Greiðsla við andlát fyrir upphaf lífeyrisgreiðslu

(17) Ef hinn tryggði andast fyrir upphaf lífeyrisgreiðslu, greiðum við þá heildarinneign, sem fyrir hendi er, á fyrsta degi næsta mánaðar eftir andlátsmánuðinn, en að minnsta kosti samanlagða upphæð greiddra iðgjalda og viðbótagreiðslna fram að því. Hér er ekki tekið tillit til iðgjaldshluta fyrir innifaldar viðbótartryggingar og hugsanlegra bónusiðgjalda (sjá 8. mgr.).

Við útreikning á dánarbótum finnum við verðgildi hlutatengdrar inneignar á síðasta kauphallardegi fyrir 15. dag andlátsmánaðar. Berist andlátstilkynning ekki fyrr en eftir þann tíma, er næsti kauphallardagur eftir móttöku tilkynningar ráðandi. Öryggisneign finnum við miðað við fyrsta dag næsta mánaðar eftir andlátsmánuð. Við ákvörðun fjölda viðkomandi hluta er andlátsdagur ráðandi.

Greiðsla við andlát eftir upphaf lífeyrisgreiðslu

(18) Ef hinn tryggði andast eftir upphaf lífeyrisgreiðslu greiðum við umsamda inneign við andlát að frádragnum greiddum tryggðum lífeyri fram að andláti (eftirstöðvar inneignar við andlát).

Ef ekki var samið um greiðslu við andlát, innum við enga greiðslu af hendi, og samningi lýkur.

Greiðslur úr hagnaðarhlutdeild

(19) Afgerandi fyrir heildarafrakstur samningsins fyrir upphaf lífeyrisgreiðslu er þróun fjárfestingabréfasafns.

Auk þess veitum við þér hlutdeild í arði og varasjóðum virðismismunar (sjá 6. gr.).

Reikniforsendur

(20) Öryggisneign er ávöxtuð með lágmarksvöxtum sem nema 0,9 prósentum á ári.

(21) Við útreikning á tryggðum lágmarkslífeyri (4. mgr.) beitungu við reikniforsendum á tímavörðun samningsgerðar, þ.e.a.s. lágmarksvefningu 0,9 prósent á ári, og blandaða dánartöflu fyrirtækisins á grundvelli dánartöflu DAV 2004 R sem lögð var fram hjá eftirlitsstofnun.

Ef tryggður lágmarkslífeyrir er hækkaður, með viðbótargreiðslum eða iðgjaldshækkun sem ekki var áformuð, getur komið til þess að notaðar verði fráviksreikniforsendur. Þær eru tilgreindar í 3. mgr. og 13. mgr. 4. gr.

(22) Um útreikning ævilangs lífeyris við upphaf lífeyrisgreiðslu gildir 3. mgr.

§ 3 Hvernig er ráðstöfun iðgjalda, frádrætti kostnaðar, áætlun um verðmætatryggingu og útreikningi á verðmæti hluta háttáð?

Iðgjaldstengdur kostnaður

(1) Iðgjöld og viðbótargreiðslur, að frádrögnum samningsgerðarkostnaði og iðgjaldabundnum umsýslukostnaði - eins og kveðið er á um í gjaldskrá iðgjaldaútreiknings - bókfærast á heildarinnæignina, í samræmi við áætlun um verðmætatryggingu (5. mgr.) þegar iðgjald gjaldfellur.

Heildarinnæignarbundinn umsýslukostnaður

(2) Gjaldskrárbundinn, iðgjaldsáhrifur umsýslukostnaðs drögum við í upphafi hvers mánaðar, hlutfallslega, frá öryggisneign og hlutatengdri innæign (sjá 4. mgr. 1. gr.).

Áætlun um verðmætatryggingu

(3) Heildarinnæign samanstendur af öryggisneign og hlutatengdri innæign. Hlutatengd innæign byggir á hlutum í IOK (sjá 5. mgr. 1. gr.) og hlutum í völdum fjárfestingasjóðum.

Fyrsta dag hvers mánaðar er heildarinnæign og gjaldföllnum iðgjöldum á þeim tímavörðun, sem og hugsanlegum viðbótargreiðslum samkvæmt 2. mgr. 4. gr., skipt niður á áður nefndar heildarinnæignir samkvæmt fastákvæðinni áætlun um verðmætatryggingu, í samræmi við tryggingastærðfræðilegar meginreglur, þannig að tryggð lágmarksinnæign náist við væntanlegt upphaf lífeyristöku, eða þannig að rísa megi undir þeim umsýslukostnaði sem til fellur.

Sundurliðunin ræðst t.d. af hæð heildarinnæignar, tímanum sem eftir er fram að væntanlegu upphafi lífeyristöku og af gengisþróun hlutanna hverju sinni.

Við fyrstu sundurliðun við upphaf tryggingar er verðgildinu sem kveðið er á um varðandi hlutatengdu innæignina ekki varið í umrædda hluti í einn mánuð, heldur í fjárfestingasjóð sem tekur mið af peningamörkuðum.

Þegar valið er 100% tryggingarstig

Gengisþróun IOK getur leitt til þess, að hlutar af hlutatengdri innæign verði færðir yfir í öryggisneign, reynist slíkt nauðsynlegt til að ábyrgjast tryggða lágmarksinnæign til frambúðar eða til að rísa undir umsýslukostnaði.

Þegar valið er 25% tryggingarstig

Gengisþróun IOK getur leitt til þess, að í öryggisneign eða í heildarinnæign að hluta í IOK sé fyrir hendi innæign sem ekki er þörf á til að ábyrgjast tryggða lágmarksinnæign eða til að rísa undir umsýslukostnaði. Þessari innæign verður varið í fjárfestingasjóði. Hinsvegar verða hlutar heildarinnæignar að hluta til í IOK, eða fjárfestingasjóðum, færðir yfir í öryggisneign eða í heildarinnæign að hluta til í IOK, reynist slíkt nauðsynlegt, til að ábyrgjast tryggða lágmarksinnæign til frambúðar eða til að rísa undir umsýslukostnaði.

Sundurliðun gerist með þeim hætti, að samtalan úr öryggisneign, að viðbættum áföllnum reiknuðum vöxtum í lok mánaðar, og verðgildi að minnsta kosti væntanlegrar hlutatengdrar innæignar, eða heildarinnæignar að hluta til í IOK í lok mánaðar, samsvari fjárvirði tryggðrar lágmarksinnæignar í lok mánaðar. Þá er aðeins tekið tillit til greiddra iðgjalda fram að þeim tíma, og afraksturs sem fyrir hendi er úr Lock-In, sem og bónusiðgjalda sem fyrir hendi eru. Við ákvörðun fjárvirðis er einnig að nokkru tekið tillit til kostnaðar sem síðarmeir verður dreginn af heildarinnæign.

Hafi innæign einu sinni verið úthlutað til öryggisinnæignar verður hún þar fram að upphafi lífeyrisgreiðslu. Frekari færsla yfir í heildarinnæign að hluta til í IOK, eða fjárfestingasjóð, getur ekki farið fram hvað þetta snertir.

Heildarinnæign er hægt að fjárfesta að öllu leyti í öryggisneign, en einnig að öllu leyti í hlutatengdri innæign.

Útreikningur á verðmæti hluta í fjárfestingabréfasafni

(4) Andvirði þeirra hluta í fjárfestingabréfasafni sem koma í hlut samningsins fæst með því að margfalda fjölda hluta með verðgildi eins hluta. Verðgildi eins hluta ræðst af verðmætapróun þeirra eigna sem liggja til grundvallar hverju sinni. Þá er lagt til grundvallar hlutarvirði á viðkomandi kauphallardegi. Við matið er ráðandi kauphallardagurinn við innborgun eða úttekt, eða næsti þar á eftir.

(5) Ef afrakstur úr hlutum sem eru í fjárfestingabréfasafninu er ekki greiddur út, rennur hann beint til IOK, eða fjárfestingasjóða sem valdir voru, og eykur þannig verðgildi hlutanna.

§ 4 Hvaða aðrir kostir eru í boði?

(1) Á umræddum tímavörðunum eru eftirfarandi kostir í boði:

Valkostir fyrir upphaf lífeyrisgreiðslu

Viðbótargreiðsla

(2) Í samningnum með reglubundnum iðgjaldsgreiðslum er á umsömdum iðgjaldsgreiðslutíma og fram að upphafi sveigjanlegs lífeyristökutíma, í mesta lagi þar til fimm ár eru í væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu, greitt frekari iðgjöld (viðbótargreiðslur) á fyrsta degi hvers mánaðar. Viðbótargreiðsla má hvorki vera lægri né hærri en tilgreindar lágmarks- og hámarksupphæðir í liðnum „Ákvæði um kostnað og gjaldskrárháðar takmarkanir samkvæmt § 25“.

Viðbótargreiðslur á öðrum tímum eða utan tilgreindra upphæða þarfnast sérstaks samkomulags við okkur.

(3) Viðbótargreiðslur hækka tryggða lágmarksinnæign samkvæmt 5. mgr. 2. gr. Tryggður lágmarkslífeyrir (sjá 4. mgr. 2. gr.) reiknum við út á ný eftir viðbótargreiðslu í samræmi við tryggingastærðfræðilegar meginreglur. Við þann útreikning beitungu við alltaf þeim reikniforsendum sem lagðar voru til grundvallar við samningsgerð (sjá 21. mgr. 2. gr.).

Til að tryggja að ávallt sé hægt að standa við greiðsluskuldbindingar er okkur þó heimilt að leggja til grundvallar þær reikniforsendur sem notaðar eru á hækunarstundu við gerð nýrra tryggingarsamninga sem eru sömu tegundar og samningur þinn (réttmætar reikniforsendur). Skilyrði fyrir því að beita réttmætum reikniforsendum er, að þær endurspeglar hverju sinni fyrirmæli um reikniforsendur við gerð nýrra samninga, samkvæmt gildandi lögboðnum eftirlitsfyrirmælum og öðrum ákvæðum eða opinberum yfirlýsingum Þýska tryggingafræðingafélagsins (DAV). Við upplýsum þig um innleiðingu réttmætra reikniforsendna ásamt tilkynningu um hækun. Leiðrétting á reikniforsendum hefur ekki áhrif á áorðnar hækkanir á greiðslum vegna viðbótargreiðslna.

Ef samið var um innifaldar viðbótatryggingar hækka greiðslur úr þeim ekki við viðbótargreiðslu.

Innifaldar viðbótatryggingar

(4) Hægt er að fara fram á að við samninginn bæstist

- starfsörorku-viðbótatrygging,
- örorku-viðbótatrygging,

- viðbótartrygging vegna andláts af slysförum
- Risiko-áhættu-viðbótartrygging

ef slíkt er í boði á umræddum tíma. Viðbótin ræðst af heilsufars- og áhættumati.

Skilyrði fyrir viðbót er, að umsókn þar að lútandi berist okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umbeðna viðbótarstund.

Um innifalda viðbótartryggingu gilda reikniforsendur, gjaldskrár, tryggingarskilmálar og sá útreiknaði aldur hins tryggða sem í gildi voru þegar viðbótin tók gildi.

Umbreyting í aðra lífeyrstryggingar-gjaldskrá

(5) Hægt er að fara fram á það einu sinni að samningnum í heild verði breytt í söfnunarlífeyrstryggingu eftirfarandi gjaldskráa:

- söfnunarlífeyrstryggingu með eða án breytilegrar lágmarksgreiðslu Rente FlexVarío
- söfnunarlífeyrstryggingu með lágmarkslífeyri Rente Garant

Umbreytinguna má gera fyrsta dag hvers mánaðar fyrir upphaf lífeyrisgreiðslu. Skilyrði þessa er, að slíkar gjaldskrár séu í boði á umbeðnum tíma varðandi nýskráningu, og að umsókn um umbreytingu berist okkur í síðasta lagi einum mánuði fyrir umbeðinn dag. Að öðrum kosti gerist umbreyting ekki fyrr en fyrsta dag næsta mánaðar þar á eftir.

Þó er ekki hægt að fara fram á umbreytingu ef

- söfnunarlífeyrstryggingu með eða án breytilegrar lágmarksgreiðslu Rente FlexVarío eða
- söfnunarlífeyrstryggingu með lágmarkslífeyri Rente Garant

hafði áður verið umbreytt í þennan samning.

Við umbreytinguna haldast iðgjaldsupphæð, iðgjaldsgreiðsluáferð og væntanlegt upphaf lífeyristöku óbreytt.

Greiðslur nýju lífeyrstryggingarinnar reiknum við út í samræmi við tryggingastærðfræðilegar meginreglur á grundvelli nýju gjaldskrárinnar og þeirra reikniforsendna sem gilda um nýja samninga, sem og að teknu tillit til heildarinnæignar sem fyrir hendi er á umbreytingardegi.

Við umbreytinguna er hægt að halda tryggingarvernd innifalinnar starfsörorku- eða örorku-viðbótartryggingar óbreyttri, án endurnýjaðrar lækniískoðunar. Iðgjaldsupphæð viðbótartryggingar reiknum við út á grundvelli nýju gjaldskrárinnar og gildandi reikniforsendna fyrir nýja samninga, að teknu tillit til heildarinnæignar sem fyrir hendi er á umbreytingardegi, að teknu tilliti til útreiknaðs aldurs hins tryggða, að teknu tilliti til iðgjaldsgreiðslutíma sem eftir er og að teknu tilliti til ákvarðana okkar varðandi samþykki við upphaflega tryggingu.

Að umbreytingu lokinni koma frekari breytingar ekki til greina.

(6) Frá umbreytingu gilda almennir og sérstakir skilmálar um nýju gjaldskrána. Umsamin sérstök samningsbundin samkomulög og yfirlýsingar haldast áfram óbreytt.

Úttekt inneignar að hluta

(7) Fyrir upphaf lífeyrisgreiðslu má, á fyrsta degi hvers mánaðar, fara fram á úttekt inneignar að hluta til, ef hinn tryggði er þá á lífi. Skilyrði er, að umsókn um útborgun inneignar að hluta til berist okkur í síðasta lagi einum mánuði umbeðinn dag. Að öðrum kosti gerist útborgun inneignar að hluta til ekki fyrr en fyrsta dag næsta mánaðar þar á eftir.

Útborgun inneignar að hluta til innum við af hendi á grundvelli verðgildis heildarinnæignar. Ráðandi við útreikningi á verðmæti hluta er kauphallardagurinn fyrir 15. dag þess mánaðar sem fer á undan útborgunartíma útgreiðslu inneignar að hluta til. Ráðandi hvað varðar ákvörðun um fjölda hluta er útborgunartíminn.

Útborgaða fjárhæð tókum við úr heildarinnæign sem fyrir hendi er á útborgunartíma. Þegar um útborgun inneignar að hluta til er að ræða skerðist tryggð lágmarksinnæign (sjá 5. mgr. 2. gr.) hlutfallslega, í samræmi við tryggingastærðfræðilegar meginreglur. Sama á við um dánarbætur sem greiða skal hið minnsta (sjá 17. mgr. 2. gr.). Tryggðan lágmarkslífeyri (sjá 4. mgr. 2. gr.) reiknum við út á ný í samræmi við tryggingastærðfræðilegar meginreglur.

Ef umsamin iðgjaldsgreiðslutími er ekki liðinn þegar útborgun inneignar að hluta til fer fram þarf, eftir útborgun, að greiða iðgjöldin í óbreyttri mynd.

Aðeins er hægt að fara fram á útborgun inneignar að hluta til, ef bæði úttektarupphæð og eftirstöðvar heildarinnæignar hverju sinni ná lágmarksupphæðinni samkvæmt liðnum „Ákvæði um kostnað og gjaldskrárháðar takmarkanir samkvæmt 25. gr.“.

Eftir útborgun inneignar að hluta til upplýsum við um hæð lækkaðra greiðslna í viðauka við tryggingarskríteinið.

Áformuð iðgjaldshækkun innifalin, ásamt breytingu

(8) Hægt er að fara fram á það einu sinni í upphafi hvers tryggingarárs að í samningnum

- verði áformuð hækkun iðgjalds innifalin eða að
- umsamin prósentu innifalinnar áformaðrar hækkunar iðgjalds verði hækkuð.

Við upphaf tryggingarárs er hægt að fara fram á að prósentu áformaðrar hækkunar á iðgjaldi verði skert.

Ef viðbótartrygging er innifalin ræðst viðbót við áformaða hækkun, og hækkun umsaminnar prósentu innifalinnar hækkunar iðgjalds, af lækniískoðun.

(9) Nánar um áformaða iðgjaldshækkun er að finna í sérstöku skilmálum vísitölumiðaðrar söfnunarlífeyrstryggingar Rente WachstumGarant með áformaðri hækkun iðgjalds og greiðslna.

Iðgjaldshækkun sem ekki var áformuð

(10) Í síðasta lagi fimm árum fyrir fyrsta mögulega upphaf lífeyrisgreiðslu (sjá 11. mgr. 2. gr.) er á næsta gjalddaga hægt að fara fram á að iðgjald vísitölumiðaðrar söfnunarlífeyrstryggingar Rente WachstumGarant, og iðgjaldsundanþágu í tengslum við innifalda starfsörorku- eða örorku-viðbótartryggingu, hækki um allt að 20 prósent af iðgjaldi fyrra árs, þó að hámarki upp í 3.000,00 evra ársiðgjald.

Á fyrstu fimm árum frá upphafi tryggingar er hægt að hækka iðgjald um meira en 20 prósent af iðgjaldi fyrra árs. Skilyrði þessa er þó, að fyrsta iðgjald nemi enn 10 prósentum hækkaða iðgjaldsins. Hækkað ársiðgjald má ekki vera hærra en 3.000,00 evrum.

(11) Ef samningurinn var gerður sem **bakabyrgðartrygging í tengslum við lífeyrstryggingu á vegum fyrirtækis**, - í tengslum við aðlögun samþykkis þins vegna lífeyrissamnings fyrirtækis, - í síðasta lagi fimm árum fyrir fyrsta mögulega upphaf lífeyrisgreiðslu (sjá 11. mgr. 2. gr.) -, fara fram á að iðgjald fyrir lífeyrstrygginguna og fyrir iðgjaldsundanþágu, í tengslum við innifalda starfsörorku- eða örorku-viðbótartryggingu, verði hækkað upp í allt að 6.000,00 evra ársiðgjald.

Ef ársiðgjald nemur meira en 6.000,00 evrum má hækka iðgjald um 20 prósent af iðgjaldi fyrra árs. Hækkað ársiðgjald má ekki vera hærra en 12.000,00 evrum.

(12) Ef áformuð hækkun iðgjalds var innifalin verður viðkomandi umsamin prósentu dregin frá við hámark áformaðrar hækkunar samkvæmt 13. eða 14. mgr.

(13) Óvæntar iðgjaldshækkunir hækka tryggða lágmarksineign samkvæmt 5. mgr. 2. gr. og greiðslu úr iðgjaldsundanþágu, í tengslum við innifalda starfsörorku- eða örorku-viðbótartryggingu. Tryggður lágmarkslífeyrir (4. mgr. 2. gr.) reiknum við út á ný eftir iðgjaldshækkun í samræmi við tryggingastærðfræðilegar meginreglur.

Við þann útreikning beitum við alltaf þeim reikniforsendum sem lagðar voru til grundvallar við samningsgerð (sjá 21. mgr. 2. gr.).

– Til að tryggja að ávallt sé hægt að standa við greiðsluskuldbindingar - er okkur þó heimilt að leggja til grundvallar þær reikniforsendur sem notaðar eru á hækkunarstundu við gerð nýrra tryggingarsamninga sem eru sömu tegundar og samningur þinn (réttmætar reikniforsendur). Skilyrði fyrir því að beita réttmætum reikniforsendum er, að þær endurspeglu hverju sinni fyrirmæli um reikniforsendur við gerð nýrra samninga, samkvæmt gildandi lögboðnum eftirlitsfyrirmælum og öðrum ákvæðum eða opinberum yfirlýsingum Þýska tryggingafræðingafélagsins (DAV). Við upplýsum þig um innleiðingu réttmætra reikniforsendna ásamt tilkynningu um hækkun. Leiðrétting á reikniforsendum, vegna óvæntra iðgjaldshækkana, hefur ekki áhrif á áorðnar hækkunir.

(14) Að undanskilinni iðgjaldsundanþágu í tengslum við innifalda starfsörorku- eða örorku-viðbótartryggingu, veldur óvænt iðgjaldshækkun ekki því að iðgjöld og greiðslur úr inniföldum viðbótartryggingum hækki – t.d. lífeyrir úr starfsörorku- eða örorku-viðbótartryggingu.

Valkostir við upphaf lífeyrisgreiðslu

Breyting, viðbót eða útilokun hvað varðar greiðslur við andlát

(15) Við upphaf lífeyrisgreiðslu má fara fram á að

- við andlát sé samið um inneign (sjá 18. mgr. 2. gr.), eða að
- umsamin inneign við andlát hækki eða skerðist samkvæmt gjaldskrárákvæðum, eða að
- umsamin inneign við andlát sé útilokud.

Skilyrði breytingar er, að umsókn þar að lútandi berist okkur í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir upphaf lífeyrisgreiðslu.

Eftirlifendalífeyris-viðbótartrygging innifalin

(16) Við upphaf lífeyrisgreiðslu má fara fram á að á gjalddaga fyrstu lífeyrisgreiðslu (dagsetning viðbótar) sé eftirlifendalífeyris-viðbótartrygging innifalin, vegna meðtryggðs manns, sem tilgreina skal með nafni, svo framarlega sem ekki var samið um dánarbætur eftir upphaf lífeyristöku, eða að slíkt sé útilokað.

Skilyrði breytingar er, að umsókn þar að lútandi berist okkur í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir upphaf lífeyrisgreiðslu.

Ef hinn meðtryggði andast fyrir dagsetningu viðbótar skal litið svo á, að réttur til að bæta viðbótartryggingu eftirlifendalífeyris við hafi ekki verið nýttur.

Ef farið var fram á að bæta eftirlifendalífeyris-viðbótartryggingu við, er ekki hægt að taka lífeyrisgreiðsluna út fyrir umbeðna dagsetningu viðbótar. Þetta á ekki við ef ákvörðun um viðbót er afturkölluð.

Ef eftirlifendalífeyris-viðbótartrygging er innifalin, þarf ekki að greiða sérstakt iðgjald fyrir hana. Í stað þess er tekið tillit til viðbótarinnar við útreikning á tryggðum greiðslum. Við það skerðist tryggður lágmarkslífeyrir (4. mgr. 2. gr.) og lífeyrir sem greiða skal samkvæmt 1. mgr. 2. gr.

Nýju greiðslurnar reiknum við út í samræmi við tryggingastærðfræðilegar meginreglur, að teknu tilliti til útreiknaðs aldurs hins tryggða/hinna tryggðu á dagsetningu viðbótar, sem og í samræmi við gildandi reikniforsendur og gjaldskrár þegar viðbót tók gildi. Lífeyrir úr eftirlifendalífeyris-viðbótartryggingu má ekki vera hærri en eftirstöðvar lífeyris. Auk þess skulu þessar tvær lífeyrisgreiðslur ná lágmarksupphæðinni sem ákvörðuð er í liðnum „Ákvæði um kostnað og gjaldskrárháðar takmarkanir samkvæmt 25. gr.“ Að öðrum kosti er ekki hægt að bæta við eftirlifendalífeyris-viðbótartryggingu. Ef hinn samtryggði andast eftir upphaf greiðslu eftirlifendalífeyris greiðum við ekki frekari greiðslur og tryggingunni lýkur.

Útborgun inneignar að hluta til - gildir ekki um bakábyrgðartrygging í tengslum við lífeyristryggingu á vegum fyrirtækis

(17) Við upphaf lífeyrisgreiðslu má fara fram á útborgun inneignar að hluta til, ef hinn tryggði er þá á lífi. Þetta á ekki við, ef samið var um að samningurinn væri í tengslum við lífeyristryggingu á vegum fyrirtækis.

Skilyrði þessa er, að umsókn um útborgun inneignar að hluta til berist okkur í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir upphaf lífeyrisgreiðslu.

Útborgun inneignar að hluta til innum við af hendi á grundvelli verðgildis heildarinneignar (sjá 4. mgr. 1. gr.). Ráðandi við útreikningi á verðmæti hluta er kauphallardagurinn fyrir 15. dag þess mánaðar sem fer á undan útborgun inneignar að hluta til. Ráðandi hvað varðar fjölda hluta er dagurinn þegar útborgun inneignar að hluta til er innt af hendi.

Útborgun inneignar að hluta til er tekin af heildarinneigninni. Tryggðan lágmarkslífeyri (sjá 5. mgr. 2. gr.) reiknum við út á ný eftir í samræmi við tryggingastærðfræðilegar meginreglur. Við upplýsum þig um hæð lækkaðs lífeyris.

Ef til útborgunar inneignar að hluta til kemur getum við ekki ábyrgst heildarinneign, sem samsvarar hæð umsaminar prósentu af iðgjöldum sem greidd hafa verið fram að því.

Aðeins er hægt að fara fram á útborgun inneignar að hluta til, ef bæði úttektarupphæð og eftirstöðvar heildarinneignar og skertur lífeyrir hverju sinni ná lágmarksupphæð samkvæmt liðnum „Ákvæði um kostnað og gjaldskrárháðar takmarkanir samkvæmt 25. gr.“.

Samið er um annars konar lífeyrisskeið

(18) Fyrir upphaf lífeyrisgreiðslu má fara fram á að samningurinn taki einnig mið af fjármálamörkuðum á lífeyrisskeiðinu eða haldi áfram á annars konar lífeyrisskeiði, svo framarlega sem slíkt er í boði við upphaf lífeyrisgreiðslu. Lífeyrinn reiknum við þá út á ný, í samræmi við tryggingastærðfræðilegar meginreglur, úr heildarinneign sem fyrir hendi er við upphaf lífeyrisgreiðslu.

Skilyrði þessa er, að slík umsókn berist okkur í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir upphaf lífeyrisgreiðslu.

Valkostir eftir upphaf lífeyrisgreiðslu

Greiðsla inneignar að hluta til

(19) Ef samið var um greiðslu við andlát eftir upphaf lífeyrisgreiðslu samkvæmt 18. mgr. 2. gr. er, frá upphafi fimmta lífeyrisgreiðsluárs, - hvenær sem er, við gjalddaga lífeyrisgreiðslu -, hægt að fara fram á útborgun hluta af heildarinneign (útborgun inneignar að hluta til). Útborgun inneignar að hluta til er þó í mesta lagi hægt að fara fram á við upphaf þess lífeyrisgreiðsluárs, þar sem inntar eru af hendi, í síðasta skipti, dánarbætur, þegar um andlát var að ræða.

Skilyrði fyrir útborgun inneignar að hluta til er, að umsókn þar að lútandi berist okkur í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir umbeðna úttekt.

Útborgun inneignar að hluta til er aðeins hægt að fara fram á innan þeirra marka sem tilgreind eru í liðnum „Ákvæði um kostnað og gjaldskrárháðar takmarkanir samkvæmt 25. gr.“ Hámark umsaminar úttektarupphæðar, að frádregnum þegar greiddum lífeyri, við andlát, takmarkast við heildarinneignina.

(20) Af úttektarupphæðinni reiknast frádrátt sem nemur 2 prósentum. Frádrátturinn hækkar í 4,5 prósent ef viðmiðunarvextir (21. mgr.) er að minnsta kosti 0,5 prósentupunkturum hærri en meðalgildi undangenginna tíu almanaksára hverju sinni.

(21) Viðmiðunarvextir samsvara þeim Null-Kupon-Euro-Zinsswapsatz-skiptasamningakjörum til tíu ára sem Deutsche Bank birtir mánaðarlega. Fari svo að viðmiðunarvextir verði ekki birtir framfar, beitung við áfram, sem ráðandi nýja viðmiðunarvexti, þeim viðmiðunarvöxtum sem Bundesbank birtir í þeirra stað. Verði þeir ekki birtir, ákvörðum við viðmiðunarvexti til vara. Þeir eru ákvarðaðir þannig, að þeir samsvari að mestu leyti, að okkar mati, Null-Kupon-Euro-Zinsswapsatz-skiptasamningakjörum til tíu ára.

(22) Eftir útborgun inneignar að hluta til reiknum við út, á ný, lífeyri og dánarbætur samningsins, með tilliti til eftirstöðva inneignar þegar útborgun inneignar að hluta til er innt af hendi, í samræmi við tryggingastærðfræðilegar meginreglur. Fyrsta nýútreiknaða lífeyri greiðum við þegar útborgun inneignar að hluta til er innt af hendi.

§ 5 Hvenær er hægt að laga samninginn að einkahögum þínum?

Hækkun tryggingarverndar (réttur til persónulegrar aðlögunar) - gildir ekki um bakábyrgðartryggingu í tengslum við lífeyrstryggingu á vegum fyrirtækis

(1) Hægt er að hækka tryggingarvernd samnings sem ekki var gerðu sem bakábyrgðartrygging í tengslum við lífeyrstryggingu á vegum fyrirtækis, án nýs mats á heilsufari og öðrum áhættuatriðum (læknisskoðun). Hækkun er möguleg við eftirfarandi viðburði í lífi hins tryggða - þess sem líftryggingin tekur til:

- hjónaband eða stofnað er til skráðrar sambúðar,
- skilnaður eða slit skráðrar sambúðar,
- barnsfæðing eða ættleiðing ófullveðja barns,
- byrjun í starfi að loknu opinberlega viðurkenndu starfsnámi eða háskólanámi,
- hafið starf sem sjálfstæður atvinnurekandi að aðalstarfi,
- niðurfelling skyldutryggingar í lögboðinni lífeyrstryggingu iðnaðarmanna og sjálfstætt starfandi,
- í fyrsta skipti er farið fram úr viðmiðunarmörkum við mat á iðgjald almennrar lífeyrstryggingar vegna brúttólaunatekna sem aflað var sem launþegi,
- hækkun brúttólaunatekna, sem aflað var sem launþegi, um að minnsta kosti 10 prósent innan eins árs,
- stöðug hækkun hagnaðar fyrir skatta, hjá sjálfstætt starfandi, um að minnsta kosti 10 prósent á ári undangengin þrjú ár,
- taka láns til kaupa á fasteign til eigin nota (kaupverð að minnsta kosti 50.000,00 evrur),
- skerðing lögboðinna áunninna lífeyrisréttinda, lögum samkvæmt,
- niðurfelling eða skerðing starfstengds, einkum starfsstéttarbundins, lífeyris, eða ellilífeyrstryggingar á vegum fyrirtækis.

Sækja þarf um hækkunina innan sex mánaða frá því er atburður átti sér stað, og leggja fram viðeigandi skriflega staðfestingu - t.d. í bréfi eða með tölvupósti. Að öðrum kosti getur læknisskoðun reynst nauðsynleg.

Ef í gildi eru fleiri en einn líftryggingarsamningur, með rétti til persónulegrar aðlögunar, sem tekur til lífs hins tryggða, er aðeins hægt að hækka einn samning. Hann ber að tilgreina við fyrstu hækkun. Hina samningana verður síðan ekki hægt að hækka.

(2) Hækkun upphaflega samningsins gerist með aukalegum, nýjum samningi. Um hann gilda reikniforsendur, gjaldskrár, tryggingarskilmálar og sá útreiknaði aldur hins tryggða sem þá eru í gildi. Lífeyrisgreiðsla nýja samningsins má ekki hefjast síðar en 11 mánuðum eftir upphaf lífeyristöku upphaflega samningsins.

(3) Ef ekki er um annað samið gilda um aukalega, nýja samninginn umsamin ákvæði og yfirlýsingar, sem og viðtökuréttur og ákvarðanir okkar varðandi samþykki, og giltu í upphaflega samningnum. Innifaldir viðbótartryggingar upphaflega samningsins hækka ekki.

(4) Lífeyrir aukalega, nýja samningsins má ekki vera lægri en lágmarkslífeyrir þeirrar gjaldskrár sem þá er í gildi.

(5) Rétti til hækkunar lýkur, ef

- hinn tryggði er fullra 50 ára (æviára),
- eftirstöðvar söfnunartíma upphaflega samningsins eru skemmri en 12 ár,
- upphaflegi samningurinn er gerður iðgjaldsfrír eða
- ef kemur til starfsörorku eða örorku, þar sem í upphaflega samningnum var samið um starfsörorku- eða örorku-viðbótartryggingu. Ef kemur til starfsörorku eða örorku falla niður, afturvirk, hækkunir sem enn eru við lýði.

§ 6 Hvernig myndast arðshlutdeild?

(1) Samningurinn á beina hlutdeild í verðmætaþróun fjárfestingabréfasafnsins (sjá 1. mgr. 1. gr.). Auk þess á samningurinn alltaf rétt á arði. Umfang og viðmiðunargrundvöllur arðshlutdeilda ræðst af gildandi útgáfu ríkjandi lögboðinna reglna, hverju sinni, þegar úthlutun fer fram, nú 153. gr. laga um tryggingasamninga (VVG). Samkvæmt núgildandi útgáfu 153. gr. VVG tekur arðshlutdeild til hlutdeilda í arði og varasjóðum virðismismunar. Arður og varasjóðir virðismismunar eru fundnir samkvæmt fyrirmælum verslunarlaga og birtast árlega í ársskýrslu. Arðshlutdeild getur einnig numið núll evrum (4. mgr.).

Við útskýrum,

- hvernig arðshlutdeild tryggingartaka í heild sinni er fundin (2. mgr.).
- hvernig arðshlutdeild samningsins er fundin (3. mgr.) og
- hvers vegna ekki er hægt að ábyrgjast hæð arðshlutdeilda og hvers vegna hún getur líka numið núll evrum (4. mgr.).

(2) Hvernig finnum við arðshlutdeild tryggingartaka í heild sinni? Útskýrt er

- hver uppruni arðs er (a)
- hvernig við ráðstöfum þessum arði (b) og
- hvernig varasjóðir virðismismunar myndast og hvernig þeim er skipt (c).

Krafa um tiltekna hæð hlutdeilda samnings í arði stofnast þó ekki við þetta.

(a) Arður getur myndast á þrjú mismunandi vegu:

- Sem tekjur af fjárfestingum (aa),
- Af áhættuniðurstöðum (bb) og
- Af afkomu að öðru leyti (cc).

Við veitum þér og öðrum tryggingartökum okkar hlutdeild í þessum arði í samræmi við reglugerð um lágmarksendurgreiðslur iðgjalda í líftryggingum (reglugerð um lágmarksendurgreiðslur) í gildandi útgáfu hverju sinni.

(aa) Fjármagnstekjur

Af nettóarði þeirra fjárfestinga sem falla undir þessa reglugerð fá tryggingartakar samtals í minnsta lagi þá arðprósentu sem tilgreind er í reglugerðinni. Í núgildandi útgáfu reglugerðar um lágmarkshlutdeild er mælt fyrir um 90 prósent. Af þessari upphæð er fyrst dregin sú upphæð sem nauðsynleg er til að standa undir tryggðum greiðslum. Eftirstöðvunum ráðstöfum við í arðshlutdeild tryggingartaka.

(bb) Áhættuniðurstöður

Frekari arður verður fyrst og fremst til ef raunveruleg ævilengd hinna tryggðu er styttri en gert hafði verið ráð fyrir við verðútreikning. Þá þarf að greiða lægri lífeyri en upphaflega var áætlað og því hægt að veita tryggingartökum hlutdeild í áhættuniðurstöðum. Samkvæmt núgildandi útgáfu reglugerðar um lágmarksendurgreiðslur er tryggingartökum veitt að minnsta kosti 90 prósent hlutdeild í þeim arði.

(cc) Afkoma að öðru leyti

Samkvæmt núgildandi útgáfu reglugerðar um lágmarksendurgreiðslur er tryggingartökum veitt að minnsta kosti 50 prósent hlutdeild í afkomu að öðru leyti.

Arður af afkomu að öðru leyti getur til dæmis myndast ef

- kostnaður er lægri en gert var ráð fyrir í gjaldskrárútreikningi,
- aflað er annarra tekna en úr tryggingarekstri, t.d. tekna vegna þjónustu sem veitt er öðrum fyrirtækjum.

(b) Arð, sem kemur í hlut tryggingartaka, færum við í varasjóð til endurgreiðslu iðgjalda, eða færum hann beint til tekna hjá samningnum sem rétt eiga á arði (bein millifærsla). Varasjóður til endurgreiðslu iðgjalda á að jafna út arðsveiflur. Hann má aðeins nota sem arðshlutdeild tryggingartaka. Aðeins í undantekningartilvikum, og með samþykki eftirlitsstofnunar, má víkja frá þessu, samkvæmt 140. gr. laga um eftirlit með tryggingarsamningum (VAG). Slíkt er heimilt, svo framarlega sem varasjóði til endurgreiðslu iðgjalda var ekki þegar ráðstafað í fastákveðna arðshluta. Samkvæmt núgildandi útgáfu 140. gr. VAG má verja varasjóði til endurgreiðslu iðgjalda í þágu hinna tryggðu:

- til að afstýra yfirvofandi neyðarástandi,
 - til að jafna út ófyrirséð tap samninga sem rétt eiga á arði, og rekja má til almennra breytinga á ytri aðstæðum, eða
 - til að auka ábyrgðarsjóð, þegar laga þarf reikniforsendur að ytri aðstæðum vegna ófyrirséðra breytinga til lengri tíma.
- Ef við síðan nýtum varasjóð til endurgreiðslu iðgjalda í það að jafna út tap, eða til að styrkja ábyrgðarsjóðinn, dreifist kostnaðurinn á váttryggjendur hlutfallslega.

(c) Varasjóðir virðismismunar myndast þegar markaðsvirði fjárfestinga, sem ætlaðar eru til greiðslna í framtíðinni, er hærra en verðgildið sem þessar fjárfestingar eru færðar á í ársskýrslu. Fjárhæð varasjóðanna endurreiknum við árlega, en auk þess ef samningurinn endar fyrir upphaf lífeyrisgreiðslna, þegar lífeyrisgreiðslur hefjast, sem og í lok hvers tryggingarárs á lífeyrisgreiðslutímanum. Varasjóði virðismismunar, sem taka þarf tillit til samkvæmt lögum, og ákvæðum um eftirlit með hlutdeild tryggingasamninga, deilum við niður á samningana í hlutfalli við tillag þeirra (sjá 3. mgr. a).

(3) Hvernig myndast arðshlutdeild samningsins?

(a) Við tókum sambærilegar tryggingar (til dæmis lífeyristryggingu og áhættutryggingu) saman í reikniflokka, og skiptum í sumum tilvikum skyldustu tryggingategundunum enn frekar niður í undirflokka (arðflokka) innan hvers reikniflokks. Reikniflokkar auðvelda okkur að taka tillit til mismunar milli ýmiss konar tryggðrar áhættu. Arðinum úthlutum við í hina einstöku reikni- og arðflokka í hlutfalli við tillag hvers þeirra, allt eftir því hve stóran þátt hver reikni- og arðflokkur á í myndun arðsins.

Samningurinn öðlast hlutdeild í arði þess reikni- og arðflokks sem tilgreindur er í tryggingarskírteini. Ef, við útreikning á ævilöngum lífeyri samkvæmt 2. mgr. 2. gr., beitt er öðrum reikniforsendum en við útreikning á tryggðum lágmarkslífeyri samkvæmt 4. mgr. 2. gr., skipum við samningnum í arðflokk með nýgerðum samningum um sambærilegar lífeyristryggingar (sjá 3. mgr. 2. gr.). Við tilkynnum þér um hann við upphaf lífeyrisgreiðslu.

Arðshlutdeildin er fjármögnuð með beinni millifærslu af niðurstöðu ársreiknings félagsins, annars með varasjóði til endurgreiðslu iðgjalda. Upphæð arðshlutdeilda er ákveðin fyrir eitt ár í senn. Prósentur arðshluta er birt í ársskýrslu. Hana má sjá á heimasíðu okkar.

Hafi reikni- og arðflokkur ekki átt þátt í myndun arðs, verðum engum arði ráðstafað til þeirra.

(b) Ef samningnum lýkur vegna andláts, við uppsögn eða ef hinn tryggði er á lífi þegar ellilífeyrisgreiðslur hefjast, gildir eftirfarandi: Við úthlutum samningi þínum þeim hluta varasjóðs virðismismunar sem kemur í hlut samningsins, samkvæmt gildandi lögum (153. gr. VVG) og ákvæðum eftirlitslaga hverju sinni. Við veitum þér einnig samsvarandi hlutdeild í varasjóði virðismismunar á lífeyristökutímanum. Lagafyrirmæli og ákvæði eftirlitslaga geta leitt til þess að hlutdeild í varasjóði virðismismunar fellur niður að fullu eða að hluta.

(c) Hægt er að nálgast gildandi reikniforsendur fyrir arðshlutdeild í lögnum „Ákvæði um arðshlutdeild samkvæmt 3. mgr. 6. gr“. Þau ákvæði eru hluti af tryggingarskilmálunum.

(4) Hvers vegna getum við ekki ábyrgst fjárhæð arðshlutdeilda?

Arðshlutdeild ræðst af mörgum áhrifaþáttum sem ekki verða séðir fyrir og sem við höfum einungis takmörkuð áhrif á. Mikilvægasti áhrifaþáttur er þróun fjármálamarkaða. En þróun áhættu sem við tryggjum, og kostnaðar, skipta einnig máli. Af þessum sökum er ekki hægt að ábyrgjast fjárhæð arðshlutdeilda fyrirfram, og getur hún jafnvel numið núll evrum. Við greinum þér árlega frá þróun arðshlutdeildarinnar.

§ 7 Hvenær hefst tryggingarverndin?

Tryggingarverndin hefst þegar samningurinn hefur verið undirritaður. Þó stofnast engin tryggingarvernd fyrir það upphaf tryggingar sem tilgreint er í tryggingarskírteini. Tryggingarvernd hefst klukkan 12 á hádegi á þeim degi sem tilgreindur er í tryggingarskírteini. Þó getur greiðsluskylda okkar fallið niður ef iðgjald er ekki greitt á réttum tíma (sjá 2. og 3. mgr. 15. gr. og 2. mgr. 16. gr.).

§ 8 Hvaða reglur gilda um lögreglu- eða herþjónustu, óeirðir, stríðsátök eða beitingu eða losun kjarna-, líffræðilegra- eða efnavopna/efna?

(1) Meginreglan er að við greiðum bætur óháð því hvað veldur tryggingartilvik. Við greiðum einnig bætur ef hinn tryggði - *það er, sá sem líftryggður er samkvæmt tryggingunni* - andast við her- eða lögreglustörf eða í innanlandsátökum.

(2) Ef hinn tryggði andast í beinum eða óbeinum tengslum við hernaðarátök skerðast greiðslurnar. Í því tilvikum skerðist umsamin greiðsla inneignar við andlát niður í reiknað endurkaupsvirði á andlátsdegi (sjá 4. og 7. mgr. 17. gr.), án þess frádráttar sem þar er gert ráð fyrir, og að teknu tilliti til samningskostnaðar, að fullu.

Ráðandi við útreikning endurkaupsvirðis er síðasti kauphallardagur mánaðarins fyrir andlátsmánuð, hvað varðar hluti í IOK og í völdum fjárfestingasjóðum.

15. Berist okkur andlátstilkynning ekki fyrr en eftir þann tíma, er næsti kauphallardagur eftir móttöku tilkynningar ráðandi. Við ákvörðun fjölda hluta í IOK og völdum fjárfestingasjóðum er andlátsdagur ráðandi. 6. mgr. 17. gr. gildir á sambærilegan hátt.

Greiðslur okkar skerðast ekki, ef hinn tryggði lætur lífið í beinu eða óbeinu samhengi við stríðsátök sem hann lenti í meðan hann dvaldi utan Sambandslýðveldisins Þýskalands, og tók ekki virkan þátt í.

Í eftirtöldum tilvikum takmarkast greiðslur okkar við þær sem tilgreindar eru í 2. setn. 2. mgr.: hinn tryggði andast í beinu eða óbeinu samhengi við

- notkun kjarna-, sýkla- eða efnavopna af ráðnum hug, eða

- notkun eða losun geislavirkra, sýkla- eða kemískra efna af ráðnum hug.

Þá þarf notkun eða losun að hafa miðað að því að stofna lífi fjölda fólks í hættu. Greiðslur okkar skerðast ekki, ef hinn tryggði lætur lífið í beinu eða óbeinu samhengi við stríðsátök sem hann lenti í meðan hann dvaldi utan Sambandslýðveldisins Þýskaland, og tók ekki virkan þátt í.

§ 9 Hvaða reglur gilda við sjálfsvíg hins tryggða?

(1) Við sjálfsvíg af ráðnum hug innum við af hendi umsamda greiðslu, ef **líðin eru þrjú ár** frá undirritun samnings.

(2) Við sjálfsvíg af ráðnum hug **áður en** þriggja ára frestur rennur út er engin tryggingavernd til staðar. Í því tilviki greiðist reiknað endurkaupsvirði samnings á andlátsdegi (sjá 4. til 7. mgr. 17. gr.), án þess frádráttar sem þar er gert ráð fyrir og að teknu tilliti til samningskostnaðar, að fullu.

Ráðandi við útreikning endurkaupsvirðis er síðasti kauphallardagur fyrir 15. dag andlátsmánaðar, hvað varðar hluti í IOK og í völdum fjárfestingasjóðum.

Berist okkur andlátstilkynning ekki fyrr en eftir þann tíma, er næsti kauphallardagur eftir móttöku tilkynningar ráðandi. Við ákvörðun fjölda hluta í IOK og völdum fjárfestingasjóðum er andlátsdagur ráðandi sem grundvöllur verðgildis þeirra. 6. mgr. 17. gr. gildir á sambærilegan hátt.

Ef sannað er fyrir okkur að hinn tryggði - *það er, sá sem líftryggður er samkvæmt tryggingunni* - hafi sjálfur svipt sig lífi í sjúklega trufluðu andlegu ástandi sem útiloki frjálsar viljaákvæðanir, er tryggingarvernd fyrir hendi.

(3) Ef greiðsluskylda okkar rýmkar við breytingu, eða ef samningur kemst á að nýju samkvæmt 5. mgr. 18. gr., hefst þriggja ára frestur á ný, hvað varðar breytta eða endurnýjaða hlutann.

§ 10 Hvað merkir upplýsingaskylda fyrir samningsgerð, og hvaða afleiðingar hefur það ef brotið er gegn henni?

Upplýsingaskylda fyrir samningsgerð

(1) Ef viðbótartrygging er innifalin ber þér, - áður en þú afhendir samningsyfirlýsinguna, - skylda til að upplýsa um allar þér kunnar aðstæður sem haft geta aukna hættu í för með sér, og sem við höfum spurt þig um skriflega – t.d. í bréfi eða tölvupósti.

Aðstæður sem hafa áhrif á áhættu eru aðstæður sem skipta máli fyrir ákvörðun okkar um að undirrita viðbótartrygginguna yfir höfuð, eða með umsömdu efni.

Upplýsingaskyldan gildir einnig um spurningar sem við leggjum fyrir þig skriflega, - um aðstæður sem haft geta aukna hættu í för með sér -, eftir að þú hefur lagt inn samningsyfirlýsinguna en fyrir staðfestingu okkar á samningnum.

(2) Eigi að tryggja líf einhvers annars er sá líka, - auk þín - , skuldbundinn til að svara spurningunum sannleikanum samkvæmt og undanbragðalaust.

(3) Ef einhver annar svarar, fyrir þína hönd, spurningunum um aðstæður sem kunna að hafa aukna hættu í för með sér, og ef honum er kunnugt um þessar hættuaukandi aðstæður, eða hefur beitt vísitandi blekkingum, verður lítið svo á að þú hafir sjálf/-ur haft vitneskju um þetta, eða beitt vísitandi blekkingum.

Brot gegn upplýsingaskyldu og réttaráhrif

(4) Hér á eftir fara upplýsingar um það, undir hvaða kringumstæðum, ef brotið er gegn upplýsingaskyldu, við getum

- ógilt viðbótartryggingu,
- sagt upp viðbótartryggingu,
- breytt viðbótartryggingu eða

Ógilding

(5) Ef brotið er gegn upplýsingaskyldu fyrir samningsgerð getum við ógilt viðbótartrygginguna. Réttur til ógildingar er ekki fyrir hendi ef hvorki er um að ræða brot gegn upplýsingaskyldu af ráðnum hug, né vítavert gáleysi. Þótt brotið verði gegn upplýsingaskyldu af vítaverðu gáleysi höfum við þó ekki rétt til ógildingar ef við hefðum einnig gert viðbótartryggingarsamninginn þó svo að við hefðum vitað um þær hættuaukandi aðstæður sem ekki var upplýst um – einnig þótt samningsskilmálar kynnu þá að hafa orðið aðrir (t. d. hærrí iðgjöld).

(6) Komi til ógildingar er ekki um tryggingarvernd úr viðbótartryggingunni að ræða. Ef við ógildum eftir að til tryggingartilviks kemur helst greiðsluskylða okkar vegna viðbótartryggingar þó áfram við eftirfarandi skilyrði: Brotið gegn upplýsingaskyldu tengist aðstæðum sem höfðu aukna hættu í för með sér

- sem hvorki höfðu áhrif á tilkomu né staðfesting á tryggingaratburði,
- né heldur á staðfestingu eða umfang greiðslna okkar.

Greiðsluskylða okkar fellur þó einnig niður, ef brotið var gegn upplýsingaskyldu með vísvitandi blekkingum í áðurnefndu tilvik.

(7) Ef tryggingunni lýkur vegna ógildingar greiðum við endurkaupsvirði hennar samkvæmt 4. til 7. mgr. 17. gr., án þess frádráttar sem þar er gert ráð fyrir og að teknu tilliti til samningskostnaðar, að fullu. Auk þess endurgreiðum við þann hluta reglubundins iðgjalds viðbótartryggingar sem fellur til vegna viðkomandi tryggingartímabils, eftir að ógilding tók gildi. Ekki er hægt að fara fram á endurgreiðslu allra iðgjalda viðbótartryggingar.

Uppsögn

(8) Ef ógildingarréttur okkar er útilokaður vegna þess að hvorki var brotið gegn upplýsingaskyldu af ráðnum hug, né af vítaverðu gáleysi, getum við sagt viðbótartryggingunni upp með eins mánaðar fyrirvara.

Sé hvorki þú né hinn tryggði – það er, sá sem líftryggður er samkvæmt tryggingunni – ábyrgur fyrir broti gegn upplýsingaskyldu, nýtum við okkur ekki uppsagnarréttinn.

(9) Uppsagnarréttur okkar er útilokaður ef við hefðum einnig undirritað viðbótartrygginguna þótt við hefðum vitað um þær aðstæður sem ekki var upplýst um – einnig þótt samningsskilmálar kynnu þá að hafa orðið aðrir (t.d. hærrí iðgjöld eða skert tryggingarvernd).

(10) Ef við segjum viðbótartryggingunni upp, breytist hún í iðgjaldsfria tryggingu samkvæmt því sem segir í 18. gr.

Samningi breytt

(11) Ef við getum ekki ógilt eða sagt upp viðbótartryggingunni – hugsanlega þótt skilmálar kynnu þá að hafa orðið aðrir (t.d. hærrí iðgjöld eða skert tryggingarvernd) – vegna þess að við hefðum undirritað hann, þótt við hefðum vitað um þær aðstæður sem ekki var upplýst um (sbr. 3. tl. 5. mgr. og 9. mgr.), þá verða aðrir skilmálar hluti samningsins, afturvirkir, að kröfu okkar. Sé hvorki þú né tryggði ábyrgur fyrir broti gegn upplýsingaskyldu verða aðrir skilmálar hluti af samningnum, en ekki fyrr en að yfirstandandi tryggingartímabili liðnu; þennan rétt nýtum við ekki.

(12) Innan eins mánaðar frá viðtöku tilkynningar okkar um samningsbreytingu má segja viðbótartryggingunni upp fyrirvaralaust, ef

- við hækkum iðgjald um meira en 10 prósent í tengslum við breytingu á samningi, eða
- við undanskiljum tryggingarvernd við áhættuáðstæður sem ekki var upplýst um.

Við bendum á þennan rétt í tilkynningu um breytingu á samningi.

Skilyrði fyrir beitingu réttar okkar

(13) Rétt til ógildingar, uppsagnar og breytingar á samningi eigum við aðeins ef við höfum bent þér á afleiðingar brots gegn upplýsingaskyldu, með sérstakri, skriflegri tilkynningu.

(14) Við eigum engan rétt til ógildingar, uppsagnar eða breytingar á samningi ef okkur var kunnugt um áhættuáðstæður, eða rangfærsluna.

(15) Við getum eingöngu borið fyrir okkur rétt til ógildingar, uppsagnar eða breytingar á samningi innan eins mánaðar. Fresturinn hefst á þeirri stundu er okkur barst vitneskja um það brot gegn upplýsingaskyldu sem réttur okkar byggir á. Þegar við höldum rétti okkar til streitu ber okkur að tilgreina þær aðstæður sem yfirlýsingin byggir á. Máli okkar til stuðnings getum við síðarmeir tilgreint frekari aðstæður, ef frestur til þess samkvæmt setningu 1 er ekki liðinn.

(16) Að fimm árum liðnum frá undirritun viðbótartryggingar fellur niður réttur okkar til ógildingar, uppsagnar eða breytingar á samningi. Gerist tryggingaraburðurinn áður en frestur rennur út getum við einnig nýtt okkur réttinn að fresti liðnum. Hafi verið brotið gegn upplýsingaskyldu af ráðnum hug eða sviksamlega, er fresturinn tíu ár.

Véfanging

(17) Við getum einnig véfengt viðbótartryggingu ef með röngum eða ófullkomnum upplýsingum hefur vísitandi og af ráðnum hug verið reynt að hafa áhrif á ákvörðun okkar um staðfestingu viðbótartryggingar. Ef um er að ræða upplýsingar frá **hinum tryggða** getum við tilkynnt þér um riftunina, jafnvel þótt þú hafir ekki haft neina vitneskju um brot gegn upplýsingaskyldu á undan samningsgerð. Um þetta gildir 5. mgr. eftir því sem við á.

Greiðslur auknar / Samningi komið á að nýju

(18) Málsgreinar 1 til 17 gilda að sama skapi ef tryggingavernd er aukin eða endurheimt eftir, þannig að nýtt áhættumat sé nauðsynlegt. Við breytingu eða endurheimt tryggingar byrja frestir samkvæmt 16. mgr. að nýju varðandi breyttan eða endurheimtan hluta.

Viðtakandi yfirlýsingar

(19) Rétt okkar til ógildingar, uppsagnar, breytingar á samningi, sem og véfangingar, berum við fyrir okkur með skriflegri yfirlýsingu gagnvart þér. Hafi enginn annar verið tilgreindur sem fulltrúi, telst, eftir andlát þitt, réttmætur viðtakandi lífeyrisgreiðslna hafa fullt umboð til að taka við tilkynningunni. Ef ekki er fyrir hendi réttmætur viðtakandi lífeyrisgreiðslna eða ekki tekst að hafa upp á aðsetri hans er okkur heimilt að líta svo á að handhafi tryggingarskírteinis hafi umboð til að taka við tilkynningunni.

§ 11 Hvers ber að gæta þegar farið er fram á greiðslu?

(1) Ef sótt er um greiðslur samkvæmt samningnum getum við krafist þess að lagt verði fram tryggingarskírteini og vottorð um fæðingardag hins tryggða – *þ.e. þess einstaklings sem er líftryggður með viðkomandi tryggingu.*

(2) Fyrir hverja útborgun lífeyrisgreiðsla getum við, á okkar kostnað, krafist opinbers vottorð um að hinn tryggði sé enn á lífi.

(3) Andlát hins tryggða þarf að tilkynna okkur þegar í stað – *þ.e. án saknæmrar tafar.* Auk þess skal afhenda okkur opinbert dánarvottorð þar sem fram kemur aldur og fæðingarstaður hins látna. Þetta gildir einnig þó svo ekki hafi verið samið um greiðslu við andlát. Ef samið var um greiðslu við andlát þarf auk þess að leggja fram ítarlegt læknisvottorð eða opinbera staðfestingu á dánarsök. Staðfestingin þarf að bera með sér upphaf og framvindu sjúkdóms sem leiddi til andláts hins tryggða.

(4) Við getum krafist frekari sannana og upplýsinga ef nauðsynlegt er, til að greiðsluskilyrða okkar sé skýr og afdráttarlaus. Kostnað af því ber sá sem sækir um greiðsluna.

(5) Greiðslur okkar gjaldfalla að loknum nauðsynlegum athugunum til staðfestingar á tryggingaraburði og umfangi greiðsluskilyrða okkar. Ef einhver þeirra skuldbinding sem nefndar eru í 1. til 4. mgr. hefur ekki verið uppfyllt kann það að hafa þær afleiðingar að við getum ekki sannreynt hvort eða hve mikil greiðsluskilyrðan er.

Slík vanræksla getur því leitt til þess að greiðsla gjaldfalli ekki.

(6) Tryggingagreiðslur okkar millifærum við til réttmæts viðtakanda á hans kostnað. Áhættuna af millifærslum greiðslna til landa utan samræmda evru-greiðslumiðlunarsvæðisins „SEPA“ (sem nær nú til Evrópusambandsins, Íslands, Noregs, Sviss, Liechtenstein, Mónakó og San Marínó) ber réttmætur viðtakandi.

§ 12 Hvaða þýðingu hefur tryggingarskírteinið?

(1) Við getum sent þér tryggingarskírteinið skriflega - t.d. bréflega eða með tölvupósti. Ef við afhendum það á prentuðu formi er um frumskjal á pappír að ræða. Hægt er að óska eftir frumskjali á pappír.

(2) Okkur er heimilt að líta á handhafa frumrits á pappír sem réttmætan viðtakanda þeirra réttinda sem samningurinn veitir, einkum og sér í lagi um viðtöku lífeyrisgreiðslna. En við getum krafist þess að handhafi frumskjalsins færi sönnur fyrir því að hann sé réttthafi greiðslna.

§ 13 Hver fær greiðslurnar?

(1) Sem tryggingartaki okkar getur þú ákveðið hver fái greiðsluna. Ef enginn er tilgreindur greiðum vér þér.

Réttmætur viðtakandi

(2) Hægt er að tilgreina, afturkallanlega eða óafturkallanlega, annan, sem taka á við greiðslunni (réttmætur viðtakandi), komi til tryggingaraburðar.

Ef þú tilgreinir annan einstakling **afturkallanlega** sem réttthafa, öðlast réttmætur viðtakandi rétt til greiðslunnar, en ekki fyrr en við viðkomandi tryggingaraburð. Þess vegna má hvenær sem er afturkalla ákvörðunina, fram að viðkomandi tryggingaraburði. Þegar lífeyrir er greiddur stofnast við hvern gjalddaga lífeyrisgreiðslu sjálfstæður tryggingaraburður.

Hægt er að ákvarða skilmerkilega að réttthafi öðlist, þegar í stað og **óafturkallanlega**, rétt til að taka við greiðslu. Um leið og yfirlýsingin berst má aðeins breyta réttmæti viðtakanda með samþykki óafturkallanlegs réttmæts viðtakanda.

Afsal og veðsetning

(3) Í eðli sínu er hægt, - fram að viðkomandi tryggingaraburði -, að framselja og veðsetja rétt til greiðslna, að fullu eða að hluta, til þriðju aðila, svo framarlega sem slíkar ráðstafanir séu heimililar lögum samkvæmt.

Tilkynning

(4) Viðurkenning eða afturköllun viðtökuréttar (2. mgr.), sem og afsal og veðsetning (3. mgr.), eru þá og því aðeins skuldbindandi fyrir okkur, að fyrri réttthafi hafi tilkynnt okkur um þær skriflega - t.d. í bréfi eða með tölvupósti. Fyrri réttthafi hingaðtil er yfirleitt þú, sem tryggingartaki. Þó geta það einnig verið aðrir, ef þú hefur áður ráðstafað því svo (t.d. eð óafturkallanlegum bótarétti, afsali eða veðsetningu).

§ 14 Hvenær má aðlaga iðgjöld og greiðslur?

(1) Okkur er heimilt að endurávarða umsamið iðgjald, ef

- greiðsluþörf hefur breyst gagnvart reikniforsendum umsamins iðgjalds, ekki aðeins tímabundið og ekki fyrirsjáanlega,
- nýja iðgjaldið, sem byggir á leiðréttum reikniforsendum, er sanngjamt og óhjákvæmilegt, til að tryggja að hægt sé að standa við greiðslum til langframa, og
- óháður eftirlitsmaður sannprófar og staðfestir reikniforsendurnar og framangeind skilyrði.

Endurákvörðun iðgjalds er ekki möguleg ef fyrsti útreikningur greiðslna, eða endurútreikningur síðar, var ófullnægjandi, og ef hæfur og vandvirkur tryggingastærðfræðingur hefði sannanlega átt að komast að þessum annmarka á grundvelli þeirra tölfræðilegu reikniforsendna sem lágu fyrir á þeim tíma.

(2) Hægt er að fara fram á að í stað iðgjaldahækkunar skv. 1. mgr. verði greiðslurnar lækkaðar sambærilega. Sé tryggingin iðgjaldafri höfum við rétt til að lækka greiðslurnar að skilyrðunum í 1. mgr. uppfylltum.

(3) Breyting á iðgjaldi og lækkun greiðslna taka gildi í byrjun annars mánaðar eftir að tilkynning um iðgjaldabreytingu eða lækkun greiðslna ásamt helstu ástæðum breytinganna hefur verið send þér.

§ 15 Hvers þarf að gæta við greiðslu iðgjalda?

(1) Iðgjöld samningsins má, allt eftir samkomulagi, greiða í einni fjárhæð (iðgjaldseingreiðsla), mánaðarlega, ársfjórðungslega, á hálfis árs fresti eða árlega.

(2) Fyrsta iðgjald eða iðgjaldseingreiðsla þarf að inna af hendi tafarlaust eftir undirritun samningsins - *þ.e. án saknæmrar tafar* - þó ekki fyrr en við umsamið upphaf tryggingar, sem tilgreint er í tryggingarskírteini. Öll önnur iðgjöld (síðari iðgjöld) gjaldfalla í byrjun hvers umsamins tryggingartímabils.

Tryggingartímabil spannar eitt ár, þegar um iðgjaldseingreiðslu og ársgreiðslu er að ræða, annars samkvæmt greiðsluhætti, einn mánuð, ársfjórðung eða hálfít ár. Á lífeyrisgreiðslutíma er tryggingartímabilið eitt ár. Eftir upphaf lífeyrisgreiðslu lýkur tryggingartímabili fyrsta mánaðardag fyrstu lífeyrisgreiðslu.

(3) Iðgjald er innt af hendi á réttum tíma ef við getum innheimt iðgjaldið á gjalddaga og þú mótmælir ekki réttmætri innheimtu. Ef ekki var hægt að innheimta gjaldfallið iðgjald, án þess að þú ættir sök á því, telst greiðslan þó innt af hendi á réttum tíma ef hún berst okkur tafarlaust eftir skrifleg greiðslutilmæli.

(4) Iðgjöld og viðbótargreiðslur samkvæmt 2. mgr. 4. gr. er aðeins hægt að greiða í skuldfærslukerfum. Bókunin fer fram á gjalddaga af þeim reikningi sem okkur var tilgreindur.

Tímabundin frestun iðgjaldsgreiðslu gildir ekki um bakábyrgðartryggingu í tengslum við lífeyrstryggingu á vegum fyrirtækis

(5) Í fyrsta lagi þremur árum eftir gerð samnings, - svo framarlega sem samningurinn var ekki gerður sem bakábyrgðartrygging í tengslum við lífeyristryggingu á vegum fyrirtækis - , má fresta iðgjaldsgreiðslu í allt að 24 mánuði, 36 mánuði ef um lögmætt foreldraorlof er að ræða. Á þeim tíma frestun við iðgjöldum fyrir innifaldar viðbótartryggingar gegn greiðslu frestunavaxta sem þá skal semja um. Ef okkur er sýnt fram á að þú varst atvinnulaus á þeim tíma er ekki farið fram á frestunavexti í að hámarki 12 mánuði.

Umsamin tryggingarvernd innifaldra viðbótartrygginga helst óbreytt þann tíma. Iðgjaldahlutar færast ekki inn á heildarinneign lífeyristryggingar. Vegna tímabundinnar frestunar iðgjaldgreiðslu skerðist tryggður lágmarkslífeyrir (sjá 4. mgr. 2. gr.).

(6) Að loknum frestunartíma þarf að inna af hendi til okkar frestuð iðgjöld fyrir innifaldar viðbótartryggingar ásamt frestunavöxtum (heilðarkrafa). Hægt er, að eigin ósk, að greiða heildarkröfuna í einni upphæð eða innan 24 mánaða með hálfisárs-, ársfjórðungs- eða mánaðarlegum afborgunum. Ekki er krafist vaxta vegna afborgana. Komi til tryggingaraburðar áður en heildarkrafa er að fullu greidd reiknast hún á móti gjaldfallinni tryggingargreiðslu. Heildarkröfuna getum við einnig dregið af heildarinneign, ef slíkt er mögulegt.

Auk þess má greiða frestuð iðgjöld lífeyristryggingar eftir á í einni upphæð, eða með hærri reglubundnum iðgjöldum, eða fresta væntanlegu upphafi lífeyrisgreiðslu. Við það hækkar tryggður lágmarkslífeyrir (sjá 4. mgr. 2. gr.) í samræmi við tryggingastærðfræðilegar meginreglur. Frestuð iðgjöld er einnig hægt að gera upp með breytingu á samningi til lækkunar greiðslna.

Lækkun lífeyris en óbreyttur starfsörorku- eða örorkulífeyrir

(7) Til að viðhalda inniföldum starfsörorku- eða örorkulífeyri sem best, má fara fram á lækkun tryggðs lágmarkslífeyris samkvæmt 4. mgr. 2. gr., með vísan til liðarins „Ákvæði um kostnað og gjaldskrárháðar takmarkanir samkvæmt 25. gr.“.

(8) Þegar greiðsla gjaldfellur reiknast hugsanlegar eftirstöðvar iðgjalda á móti.

§ 16 Hvað gerist ef við getum ekki innheimt iðgjald á réttum tíma?

Fyrsta iðgjald eða iðgjaldseingreiðsla

(1) Ef ekki er hægt að innheimta fyrsta iðgjald eða iðgjaldseingreiðslu á réttum tíma getum við – á meðan greiðslan hefur ekki enn verið innt af hendi – ógilt samninginn. Í því tilviki getum við farið fram á, frá þér, greiðslu kostnaðar vegna læknisskoðanir í tengslum við heilsufarsskoðun og annað áhættumat (læknisskoðun). Við höfum ekki heimild til ógildingar ef sýnt er fram á að þú berð ekki ábyrgð á því að ekki var greitt á réttum tíma.

(2) Ef fyrsta iðgjald eða iðgjaldseingreiðsla eru enn í vanskilum, þegar til tryggingaraburðar kemur, er okkur ekki skylt að greiða bætur. **Þetta gildir aðeins ef við höfum vakið athygli á þessum réttaráhrifum með sérstakri skriflegri tilkynningu – t.d. bréflega eða með tölvupósti – eða með áberandi athugasemd í tryggingarskírteini.** Greiðsluskylda okkar gildir þó áfram ef þú sýnir okkur fram á að þú berir ekki ábyrgð á því að greiðsla barst ekki.

Síðari iðgjöld

(3) Ef ekki er hægt að innheimta síðara iðgjald getum við veitt skriflega greiðslufrest, á þinn kostnað. Greiðslufrestur verður að vera minnst tvær vikur.

(4) Ef til tryggingaraburðar kemur, eftir veittan gjaldfrest, fellur tryggingarvernd niður eða skerðist, ef greiðslan er enn í vanskilum þegar tryggingaraburður verður. Skilyrði þessa er, að við höfum bent þér á réttaráhrifin um leið og frestur var veittur.

Ef samningurinn var gerður í tengslum við lífeyristryggingu á vegum fyrirtækis, upplýsum við hinn tryggða, skriflega, um tveggja vikna greiðslufrestinn og réttaráhrif ef eftirstöðvar eru ekki greiddar. Þar veitum við hinum tryggða að minnsta kosti tveggja mánaða greiðslufrest.

(5) Að veittum gjaldfresti liðnum getum við sagt samningnum upp, án þess að gæta uppsagnarfrests, ef iðgjöld, vextir eða kostnaður eru enn í vanskilum. Skilyrði þessa er, að við höfum bent þér á réttaráhrifin um leið og frestur var veittur. Við getum lýst yfir uppsögn um leið og frestur er veittur. Hún tekur þá sjálfkrafa gildi um leið og frestur rennur út, ef greiðslan er enn í vanskilum á þeim tímapunkti. Okkur ber einnig að benda á þessi réttaráhrif.

(6) Einnig má greiða upphæðina sem til innheimtu er, eftir að uppsögnin tekur gildi. Eftirágreiðsla er aðeins möguleg

- innan eins mánaðar frá uppsögn
- eða, ef uppsögn var þegar bundin við veitingu gjaldfrests, innan eins mánaðar frá því er frestur rann út.

Ef greitt er innan þessa tíma telst uppsögnin ógild og samningurinn heldur áfram. Fyrir tryggingaraburði sem upp koma milli þess að frestur rennur út og greiðsla er innt af hendi, gildir engin eða aðeins skert tryggingarvernd.

§ 17 Hvenær má segja samningnum upp, og hvaða bætur greiðum við?**Uppsögn**

(1) Samningnum má hvenær sem er segja upp skriflega, fyrsta dag næsta mánaðar eða einhvers síðari mánaða - t.d. í bréfi eða með tölvupósti. Eftir upphaf lífeyrisgreiðslu er ekki lengur hægt að segja samningi upp.

Uppsögn tekur gildi á þeim uppsagnardeggi sem þú tilgreinir. Ef tilgreindur var fráviks-tímamunktur, eða ef enginn tímamunktur var tilgreindur, eða ef tilgreindur uppsagnartími er þegar liðinn, gildir fyrsti dagur næsta mánaðar, eftir að uppsagnarbréf berst, sem uppsagnartími.

(2) Samningnum má einnig segja upp **að hluta til** ef eftirstöðvar heildarinneignar fer ekki niður fyrir lágmarksupphæð sem ákvörðuð er í liðnum „Ákvæði um kostnað og gjaldskrárháðar takmarkanir samkvæmt 25. gr.“ Ef eftirstöðvar heildarinneignar eru lægri, leiðir það til þess að uppsögn að hluta er ógild. Ef þá er óskað eftir því að ljúka samningi þarf að segja honum upp **að fullu**. Við uppsögn að hluta til gilda eftirfarandi reglur aðeins um þann hluta samnings sem sagt var upp.

Við uppsögn að hluta til skerðist sú heildarinneign sem er til ráðstöfunar til myndunar lífeyris. Tryggður lágmarkslífeyrir (sjá 4. mgr. 2. gr.) og tryggð lágmarksinneign skerðast við væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu (sjá 5. mgr. 2. gr.) í sama hlutfalli og skerðing heildarinneignar vegna uppsagnar að hluta til. Sama á við um dánarbætur sem greiða skal hið minnsta (sjá 17. mgr. 2. gr.).

Útborguð upphæð

(3) Eftir uppsögn greiðum við

- endurkaupsvirði (4. og 6. mgr.).
- að frádrægingu skerðingu (5. mgr.).
- að viðbætti arðshlutdeild (7. mgr.).

Eftirstöðvar iðgjalda dragast frá útborgaðri upphæð.

Opinber gjöld (t.d. skattar og iðgjöld til almannatrygginga) sem okkur er skylt að draga frá samningnum dragast einnig frá útborgaðri upphæð (sjá 25. gr.).

Útborgun endurkaupsvirðis

(4) Við uppsögn greiðum við – ef um slíkt er að ræða - endurkaupsvirðið samkvæmt 169. gr. laga um tryggingasamninga (VVG). Það samsvarar ekki samtölu greiddra iðgjalda, heldur heildarinneign á þeim degi þegar uppsögn tekur gildi, samkvæmt 1. mgr.

Viðmiðunardagur varðandi fjölda hluta er dagurinn þegar uppsögn tekur gildi, samkvæmt 1. mgr. Viðmiðunardagur við mat á verðmæti hluta er kauphallardagurinn fyrir 15. dag þess mánaðar sem fer á undan þeim degi þegar uppsögn tekur gildi. Ef okkur berst uppsagnarbréfið eftir þann tíma, er viðmiðunardagur næsti kauphallardagur eftir móttöku uppsagnarbréfs.

Frádráttur

(5) Frá því verðgildi sem fundið er samkvæmt 4. mgr. dragast 50 evrur við uppsögn alls samningsins. Frádrátturinn hækkar fyrir hvert heilt ár sem eftir er af samningstíma eftir gildistöku uppsagnar og þar til 10 árum fyrir væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslna um 0,375 prósent af samtölu greiddra iðgjalda til uppsagnardags - þó í mesta lagi um 1,5 prósent af samtölu greiddra reglubundinna iðgjalda til uppsagnardags - , en 0,75 prósent miðað við iðgjaldseingreiðslu. Frádrátturinn fellur niður ef uppsögnin tekur gildi á sveigjanlega lífeyristökutímanum eða á framlengingartímanum. Frádráttinn drögum við af heildarinneign. Við uppsögn að hluta til verður frádráttur í sama hlutfalli samkvæmt 2. setn.; 50 evra frádráttur samkvæmt 1. setn. fellur niður.

Frádráttur er heimill ef hann þykir við hæfi. Það er okkar að sýna fram á að svo sé. Við teljum frádráttinn raunhæfan vegna þess að með honum eru jafnaðar út sveiflur á áhættustöðu hinna tryggðu sem eftir eru, og þar með næst einnig fram jöfnun á verðsveiflum hins sameiginlega áhættusjóðs. Ef þú sýnir okkur fram á að frádráttur okkar vegna uppsagnarinnar eigi í þínu tilviki að vera verulega lægri lækjum við hann eins og við á.

Ef þú sýnir okkur fram á að frádrátturinn eigi í þínu tilviki alls ekki við, fellur hann niður.

Nánari upplýsingar um frádrátt er að finna í váttryggingarskírteini og í upplýsingapakka í tölulíð III.3. (Frekari tryggingarupplýsingar er að finna í „Endurkaupsvirði, iðgjaldafriar tryggingargreiðslur og að hve miklu leyti þessar greiðslur eru tryggðar“).

Lækkun endurkaupsvirðis í undantekningartilviki

(6) Samkvæmt 6. mgr. 169. gr. VVG höfum við rétt til að lækka þann hluta upphæðar sem reiknuð er út samkvæmt 4. mgr. ásættanlega, sé slíkt nauðsynlegt til að útiloka að hagsmunum tryggingartaka sé stofnað í hættu; einkum vegna þess að því sé stofnað í hættu að hægt sé til frambúðar að uppfylla skyldur samkvæmt samningnum. Lækkunin tekur til eins árs í senn.

Arðshlutdeild

(7) Við útreikning á útborgaðri upphæð skv. 2. mgr. samanstendur arðshlutdeildin af:

- þeirri arðshlutdeild sem þegar hefur verið úthlutað samningnum, að svo miklu leyti sem hún er ekki þegar innifalin í upphæð sem reiknuð er út skv. 4. til 6. mgr.
- hluta í lokaarði í samræmi við liðinn „Ákvæði um arðshlutdeild skv. 3. mgr. 6. greinar“ þessara skilmála og
- þeim hluta varasjóðs virðismismunar, eða hugsanlegrar lágmarkshlutdeildar í varasjóði virðismismunar, sem úthluta skal samningnum, ef um slíkt er að ræða við uppsögn.

(8) Uppsögn samnings getur haft ókosti í för með sér. Á upphafsskeiði samnings getum við, við uppsögn, alla jafnan greitt verulega minna en innborguð iðgjöld, því að

- til heildarinneignar rennur aðeins sá hluti iðgjalda sem eftir stendur, eftir frádrátt samningskostnaðar og iðgjaldaháðs umsýslukostnaðar (sjá 1. mgr. 3. gr.),
- frá heildarinneign dregst mánaðarlega heildarinneignarbundinn umsýslukostnaður (sjá 2. mgr. 3. gr.) og
- frádráttur sem um getur í 5. mgr., ef um slíkt er að ræða.

Ef við nýtum heimild okkar samkvæmt 6. mgr. í undantekningartilviki, getur verðgildið orðið lægra. Og árin þar á eftir getur endurkaupsvirði verið lægra en samtala greiddra iðgjalda, einkum vegna áhrifa af gengisþróun hluta í IOK og völdum fjárfestingasjóðum.

Nánari upplýsingar um endurkaupsvirði fyrir og eftir frádrátt, og um það í hvaða mæli það er tryggt, er að finna í váttryggingarskírteini og í upplýsingapakka í tölulíð III.3.

(Frekari tryggingarupplýsingar er að finna í „Endurkaupsvirði, iðgjaldafriar tryggingargreiðslur og að hve miklu leyti þessar greiðslur eru tryggðar“) og tryggingarskírteini.

Engin endurgreiðsla iðgjalda

(9) Þú átt þá ekki kröfu á endurgreiðslu innborgaðra iðgjalda.

§ 18 Hvenær má gera samninginn iðgjaldsfriar, og hvaða áhrif hefur slíkt á greiðslur frá okkur?**Undanþága frá greiðslu iðgjalds**

(1) Í stað uppsagnar skv. 1. mgr. 17. gr. má, á þeim tímamarki sem þar er nefndur, fara fram á það skriflega – t.d. í bréfi eða með tölvupósti – að losna undan iðgjaldsgreiðsluskyldu, að fullu eða að hluta. Í því tilviki lækjum við tryggðan lágmarkslífeyri. Heildarinneign sem til ráðstöfunar er til slíks skerðist sem eftirstöðvum iðgjalda nemur. Ekki kemur til frádráttar samkvæmt 5. mgr. 17. gr.

Ef samið var um tryggingarstig sem nemur 100% og ef gera á samninginn algerlega iðgjaldsfriar innan fyrstu tíu ára frá gerð samnings, rýrnar tryggingarstigið við væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu (sjá 10. mgr. 2. gr.) niður í 90 prósent af greiddum iðgjöldum.

Tryggð lágmarksneign rýrnar í sama hlutfalli ef samningurinn er, innan fyrstu tíu ára frá gerð samnings, gerður iðgjaldsfrír að hluta til.

(2) Ef farið var fram á algera lausn undan iðgjaldsgreiðsluskyldu, og nái heildarinnign sem fyrir hendi er ekki lágmarksgildi samkvæmt liðnum „Ákvæði um kostnað og gjaldskrárháðar takmarkanir samkvæmt 25. gr.“, greiðist útborguð upphæð samkvæmt 3. mgr. 17. gr. og samningi lýkur. Ekki kemur til frádráttar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. Aðeins er hægt að fara fram á lausn undan iðgjaldsgreiðsluskyldu að hluta til, ef eftirstöðvar iðgjalds fara ekki niður fyrir lágmarksupphæð sem ákvörðuð er í liðnum „Ákvæði um kostnað og gjaldskrárháðar takmarkanir samkvæmt 25. gr.“

(3) Niðurfelling iðgjaldsgreiðslna samningsins getur haft ókosti í för með sér. Á upphafs skeiði samnings er verðgildi heildarinnignar, eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds, alla jafnan verulega lægra en greidd iðgjöld,

- því að til heildarinnignar rennur aðeins sá hluti iðgjalda sem eftir stendur, eftir frádrátt samningskostnaðar og iðgjaldaháðs umsýslukostnaðar (sjá 1. mgr. 3. gr.) og
- frá heildarinnign dregst mánaðarlega heildarinnignarbundinn umsýslukostnaður (sjá 2. mgr. 3. gr.).

Ef við nýtum heimild okkar samkvæmt 6. mgr. 17. gr. í undantekningartilviki getur verðgildið orðið lægra. Og árin þar á eftir getur verðgildi heildarinnignar, eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds, verið lægra en greidd iðgjöld, einkum vegna áhrifa frá gengisþróun hluta í IOK og völdum fjárfestingasjóðum.

Nánari upplýsingar um iðgjaldsfríar greiðslur og hæð þeirra, ef um algera undanþágu frá greiðslu iðgjalds er að ræða, er að finna í upplýsingapakka undir tölu III.3. (frekari tryggingarupplýsingar er að finna í „Endurkaupsvirði, iðgjaldsfríar tryggingagreiðslur og að hve miklu leyti þessar greiðslur eru tryggðar“) og tryggingarskrírteini.

Við undanþágu frá greiðslu iðgjalds að hluta til ræðst hæð skertra greiðslna af hæð iðgjalds sem eftir er, og af tímavarki samningsbreytingar. Ef óskað er eftir undanþágu frá greiðslu iðgjalds að hluta til greinum við frá hæð skertra greiðslna, ef óskað er.

(4) Ef samningur er gerður iðgjaldsfrír lýkur inniföldum viðbótartryggingum án endurgreiðslu iðgjalda þegar samningi er breytt í iðgjaldsfrían samning.

Tryggingarvernd komið á að nýju

(5) Innan tveggja ára frá undanþágu frá greiðslu iðgjalds er hægt að hefja greiðslu iðgjalds á ný. Hugsanlega nauðsynleg skoðun á heilsufari og öðrum áhættuþáttum (læknisskoðun) helst óbreytt.

Við undanþágu frá greiðslu iðgjalds í lögmætu foreldraorlofi má taka upp iðgjaldsgreiðslur samningsins og innifalda starfsörorku- eða örorku- viðbótartryggingu til loka lögmæts foreldraorlofs á ný, án læknisskoðunar, þó í síðasta lagi til loka þriggja ára frá undanþágu frá greiðslu iðgjalds. Sanna þarf fyrir okkur lok lögmæts foreldraorlofs.

Iðgjöldin fyrir iðgjaldsfría tímamann má greiða í einni greiðslu eftir á. Í stað þess má skerða tryggðan lífeyri samkvæmt 4. mgr. 2. gr., fresta væntanlegu upphafi lífeyrisgreiðslu eða greiða hærrí reglubundin iðgjöld.

§ 19 Hvernig er kostnaður vegna samningsins reiknaður og gjaldfærður?

(1) Samningnum fylgir kostnaður. Hann er reiknaður inn í iðgjaldið. Um er að ræða samningskostnað og aðra kostnaðarliði.

Til **samningskostnaðar** teljast einkum samningsbóknanir til tryggingarsala. **Aðrir kostnaðarliðir** taka til kostnaðar við prófun umsóknar og gerð tryggingargagna, efniskostnaðar í tengslum við vinnslu og frágang umsóknar sem og auglýsingakostnaðar og kostnaðar vegna reglubundinnar umsýslu.

Í upplýsingapakka undir tölu III.3 og í tryggingarskrírteini er að finna hæð innifalins samningskostnaðar og annarra kostnaðarliða („Hversu há eru iðgjöldin og hvenær þarf að greiða þau? Hvaða kostnaður er reiknaður inn í iðgjaldið og hvaða kostnaður getur bæst við? Hvað gerist ef iðgjaldi seinkar eða er ekki greitt?“).

(2) Með reglubundnum iðgjaldsgreiðslum höfum við lagt út fyrir hluta samningskostnaðar; móttframlag er reiknað inn í iðgjaldið og nemur 25 prómillum af samtölu iðgjalda, hið mesta, dreift jafnt á fimm ára tímabil, þó í hæsta lagi á umsaminn iðgjaldsgreiðslutíma.

Við myndun samtölu iðgjalda er tekið tillit til iðgjalda sem greiða skal til væntanlegs upphafs ellilífeyris – þó í hæsta lagi til iðgjalda sem greiða skal fyrstu 30 árin.

(3) Ef um iðgjaldseingreiðslu er að ræða (sjá 1. mgr. 15. gr.) og viðbótargreiðslur (sjá 2. mgr. 4. gr.) er samningskostnaður dreginn af þeim.

(4) Annan kostnað tókum við að hluta til á öllu iðgjaldsgreiðslutímabilinu, að hluta til á öllum gildistíma samningsins.

(5) Ofangreind meðferð kostnaðar leiðir til þess að á upphafs skeiði samnings eru aðeins óverulegar upphæðir fyrir hendi sem endurkaupsvirði eða til myndunar iðgjaldsfríra greiðslna (sjá 17. g 18. gr.).

Nánari upplýsingar um endurkaupsvirði og iðgjaldsfríar greiðslur og hæð þeirra, hverju sinni, er að finna í upplýsingapakka undir tölu III.3. og tryggingarskrírteini (frekari tryggingarupplýsingar „Endurkaupsvirði, iðgjaldsfríar tryggingagreiðslur og að hve miklu leyti þessar greiðslur eru tryggðar“).

§ 20 Hvað gerist ef kaupum á hlutum í vísitölumiðaðri fjárfestingu er hætt eða þau leyst upp?

Ef við skyldum takmarka fjárfestingu í hlutum í IOK tímabundið, fresta þeim eða hætta með öllu, tilkynnum við um þær óvæntu breytingar tafarlaust, skriflega.

Að svo miklu leyti sem slíkt snertir reglubundnu iðgjaldsgreiðslurnar bendum við á aðra fjárfestingaáætlun eða annan fjárfestingasjóð (fjárfestingasjóður til vara). Fjárfestingasjóðurinn til vara skal þá vera að megninu til hliðstæður IOK hvað varðar fjárfestingamarkmið og fjárfestingastefnu, og endurspeglar áætlun IOK um verðmætatryggingu (sjá 3. mgr. 3. gr.). Ef þú andmælir ekki tillögunni innan fjögurra vikna frá tilkynningu okkar, festum við viðkomandi fjárfestingariðgjöld þín í varfjárfestingasjóði, að fresti liðnum.

Ef andmælt er breytum við samningi í venjulega lífeyristryggingu (sjá 5. og 6. mgr. 4. gr.), vegna þess að í því tilviki falla niður forsendur áætlunar um verðmætatryggingu.

Ef hætt er við IOK með skömnum fyrirvara fjárfestum við iðgjöldin, sem gjaldfalla áður en fjögurra- vikna- fresturinn rennur út, í varfjárfestingasjóði, sem mælt var með. Verði IOK leyst upp gilda þessar reglur á sama hátt. Í því tilviki færast verðgildi heildarinnignar þó einnig yfir á varfjárfestingasjóð. Sama á við um endurtekin umskipti fjárfestingaáætlunar.

§ 21 Hvað gerist ef útgáfu eða endurkaupum á hlutum í fjárfestingasjóðum er hætt eða ef fjárfestingasjóður er leystur upp?

(1) Hafi verið valin fjárfesting í fjárfestingasjóði eða ef IOK verður leyst upp, og heildarinneign verði færð í fjárfestingasjóð (sjá 20. gr.) gildir eftirfarandi:

Ef fjárfestingarfélagið takmarkar tímabundið útgáfu hluta í fjárfestingasjóðnum, frestar þeim eða hættir með öllu, tilkynnum við um þær óvæntu breytingar tafarlaust, skriflega.

Að svo miklu leyti sem slíkt snertir reglubundnu iðgjaldsgreiðslurnar bendum við á annan fjárfestingasjóð til vara. Nýi fjárfestingasjóðurinn skal þá vera að megninu til hliðstæður fyrri fjárfestingasjóði hvað fjárfestingamarkmið og fjárfestingastefnu varðar. Ef þú andmælir ekki tillöggunni innan fjögurra vikna frá tilkynningu okkar, festum við viðkomandi fjárfestingariðgjöld þín í nýja fjárfestingasjóðnum, að fresti liðnum.

Ef þessu er mótmælt þarf að tilgreina annan, nýjan fjárfestingasjóð af þeim fjárfestingasjóðum sem í boði eru. Gildandi listi yfir fjárfestingasjóði sem leggja má samningi til grundvallar hverju sinni, er hvenær sem er fánalegur hjá okkur. Þér að kostnaðarlausu.

Ef hætt er við IOK með skömmum fyrirvara fjárfestum við iðgjöldin, sem gjaldfalla áður en fjögurra-vikna-fresturinn rennur út, í fjárfestingasjóðnum til vara, sem mælt var með.

(2) Ef nýi fjárfestingasjóðurinn verður leystur upp eða hann renna saman við annan fjárfestingasjóð, gilda reglur 1. mgr. að sama skapi. Ef slík upplausn leiðir til síðbúinna greiðslna, festum við þær í fjárfestingasjóðum að þínu vali, sem þú tilgreindir þegar endurgreitt var.

(3) Ef endurheimt hluta úr einhverjum fjárfestingasjóði, sem innifalinn var í samningnum, er frestað eða hætt með öllu, er ekki hægt að fastsetja verðgildi eins hlutar við endurheimt, við útborgun eða uppsögn, því ekki er hægt að skila hlutunum til fjárfestingarfélagsins. Í þeim tilvikum finnst verðgildi eins hlutar út frá gildandi verði á fjárfestingamarkaði. Vegna skertra sölumöguleika hluta í fjárfestingasjóðnum getur það verið lakara en það endurheimtarverð fjárfestingarfélagsins sem síðast var gefið út. Sú verðmætaryrningun getur einnig leitt til allsherjartaps.

1. mgr. gildir á sambærilegan hátt; einkum upplýsum við þig tafarlaust skriflega um frestun eða endanleg lok endurheimtar.

(4) Ef fram koma aðrar verulegar breytingar á fjárfestingasjóði samningsins, sem við getum ekki haft nein áhrif á, og gera það ómögulegt að halda samningi áfram, er okkur heimilt að setja annan fjárfestingasjóð inn í hans stað. Slíkar verulegar breytingar geta til dæmis komið upp ef fjárfestingarfélagið bætir við kostnaði, eða hækkar, sem íþyngir okkur við kaup eða sölu í fjárfestingasjóðnum, skaðar samningsbundnar skyldur verulega, eða þegar samstarfi við viðkomandi fjárfestingarfélag er slitið. Veruleg breyting getur einnig hlotist í kjölfar laga eða eftirlitskrafa. 1. og 3. mgr. gilda á sama hátt.

Auk þess getum við skipt um fjárfestingasjóð ef umfang fjárfestinga allra gildandi samninga okkar, með fjárfendingar í fjárfestingasjóðnum, nær ekki 100.000 evrum milli tveggja reikningsskiladaga.

1. mgr. gildir á sambærilegan hátt.

§ 22 Hvernig má komast að því hvert virði samningsins er?

(1) Við sendum árlega út tilkynningu þar sem sjá má verðgildi hluta í hlutatengdri inneign og verðgildi öryggisinn eignar. Verðgildi hlutatengdrar inneignar tilgreinum við sem hluta og í evrum.

(2) Við greinum þér hvenær sem er frá verðgildi samningsins, sé þess óskað.

§ 23 Hvaða reglur gilda um breytt pósthfang og nafn?

(1) Tilkynna verður okkur tafarlaust um breytt pósthfang - *þ.e. án saknæmrar tafar*.

Annað getur haft ókosti í för með sér fyrir þig. Okkur er heimilt að senda þér ábyrgðarbréf á síðasta heimilisfang sem okkur var kunnugt um - *t.d. þegar veita skal greiðslufrest*. Í því tilviki telst yfirlýsing okkar móttéken þremur dögum eftir sendingu ábyrgðarbréfs. Þetta á einnig við ef samið var um að samningurinn væri á vegum fyrirtækisins og aðsetur þess síðan flutt.

(2) 1 mgr. gildir á sama hátt breytir þú um nafn.

§ 24 Hverjar eru upplýsingaskyldur þínar?

(1) Ef lagalegar reglur skylda okkur til að afla, vista, vinna úr og tilkynna um upplýsingar og gögn um samninginn, ber þér að láta okkur í té tafarlaust nauðsynlegar upplýsingar, gögn og fylgigögn þar að lútandi, eða ef um verður beðið - *þ.e. án saknæmrar tafar*

- við samningsgerð
- við breytingar eftir samningsgerð
- ef um verður beðið

Upplýsingaskyldan gildir á sama hátt varðandi upplýsingar um aðstæður þriðju aðila sem eiga rétt samkvæmt samningnum.

(2) Nauðsynlegar upplýsingar í skilningi 1. mgr. eru til dæmis aðstæður sem geta verið afgerandi við mat á

- persónulegu skattalegu lögheimili þínu,
- skattalegu lögheimili þriðju aðila sem eiga kröfu á grundvelli samningsins
- sem og skattalegu lögheimili þess sem tekur við bótagreiðslunum.

Þar vega/vegur þyngst þýsk(t) eða erlend/-t skattaleg(-t) auðkennisnúmer, fæðingardagur, fæðingarstaður og lögheimili. Hvaða aðstæður þetta eru í einstökum atriðum má lesa í liðnum „Upplýsingar til neytenda um gildandi skattareglur“.

(3) Ef okkur eru ekki fengin/-nar, eða ekki á réttum tíma, nauðsynlegar upplýsingar, gögn og fylgiskjöl, gildir eftirfarandi: Allt eftir því sem lög kveða á um tilkynnum við innlendum og erlendum skattfyrirvöldum um samninginn. Þetta á einnig við, þó svo að hugsanlega sé ekki um skattalegt lögheimili erlendis að ræða.

(4) Brot gegn upplýsingaskyldu samkvæmt 1. og 2. mgr. getur leitt til þess að við innum ekki greiðslu okkar af hendi. Þetta á við þar til okkur hafa verið veittar þær upplýsingar sem við þörfumst til að geta staðið við lagaskyldur okkar.

(5) Eins ber að hyggja að upplýsingaskyldu samkvæmt ríkjandi lögboðnum reglum hverju sinni varðandi baráttu gegn peningabætti, um þessar mundir 6. mgr. 4. gr. laga um peningabætti (GwG). Greina þarf frá því hvort ætlunin sé að stofna til eða reka viðskiptasamband(s) og/eða framkvæma tiltekin viðskipti fyrir þriðja aðila, og eins þarf að láta í té allar nauðsynlegar upplýsingar ásamt fylgigögnum þar um, og tilkynna þegar í stað - *þ.e. án saknæmrar tafar* - um allar breytingar sem eiga sér stað meðan á viðskiptasambandi stendur.

Af þessu skapast sú skylda samningsaðila að tilkynna okkur að fyrri bragði um það ef iðgjöld eiga að gjaldfærast af reikningi sem samningsaðili okkar er ekki skráður fyrir (annar iðgjaldsgreiðandi). Undir iðgjaldsgreiðslur annars aðila falla meðal annars skuldfærslur af reikningum sem þér hefur verið veitt umboð til aðgangs að, sem og greiðslur af reikningum sem framkvæmdar eru af miðlurum eða vinnuveitanda, svo fremi sem þeir eru ekki tryggingartakar.

Á meðan viðskiptasambandið varir gildir upplýsingaskylda um öll viðskipti sem fela í sér greiðslur (t.d. millifærslur, viðbótargreiðslur, lán og breytingar á bankareikningum).

Ef ekki er staðið við upplýsingaskylduna eða ekki sannleikanum samkvæmt, ber okkur samkvæmt ríkjandi lögboðnum reglum hverju sinni, - um þessar mundir 1. mgr. 43. gr. GwG -, að tilkynna slíkt tafarlaust til miðstöðvar rannsókná fjármálaviðskiptum (27. gr. GwG).

§ 25 Hvaða kostnað og gjöld gjaldfærum við sérstaklega og hvaða gjaldskrárháðu takmarkanir eru í gildi?

Kostnaður og gjöld

(1) Ef sérstakar ástæður, sem þú berð ábyrgð á, valda okkur aukinni umsýslu gefum við út sérstakan heildarrekning fyrir aukakostnaði. Núverandi gildandi kostnað má sjá í liðnum „Ákvæði um kostnað og gjaldskrárháðar takmarkanir samkvæmt 25. gr.“. Þau ákvæði eru hluti af skilmálunum. Við getum ákveðið hæfilegan kostnað að nýju. Við tilkynnum um væntanlegar breytingar hverju sinni, skriflega.

(2) Við mat á eingreiðslu kostnaðar er tekið mið af reglubundnum útgjöldum sem til falla. Ef þú sýnir okkur fram á að þær forsendur sem kostnaðarmat okkar byggist á eigi í þínu tilfelli eðli málsins samkvæmt ekki við, fellur frádrátturinn niður. Ef þú sýnir okkur fram á að ætluð upphæð eigi að vera verulega lægri, verður frádrátturinn lækkaður til samræmis.

(3) Öll opinber gjöld og álögur (t.d. skatta) sem kunna að verða lögð á vegna samningsins reiknum við inn í greiðslur okkar, eða þarf að endurgreiða okkur.

Gjaldskrárháðar takmarkanir

(4) Um samninginn gilda ákveðnar gjaldskrárháðar takmarkanir. Núgildandi takmarkanir má sjá í liðnum „Ákvæði um kostnað og gjaldskrárháðar takmarkanir samkvæmt 25. gr.“. Þau ákvæði eru hluti af skilmálunum. Við getum ákveðið hæfilegar takmarkanir að nýju. Við tilkynnum um væntanlegar breytingar hverju sinni, skriflega.

§ 26 Hvenær þarf í síðasta lagi að halda til streitu gagnvart okkur kröfum vegna tryggingarsamningsins?

(1) Kröfur byggðar á samningnum fymast á lögboðnum þriggja ára fyrningartíma. Fyrningarfresturinn hefst í lok þess árs þegar krafu stofnaðist, og þegar kröfuhafi öðlaðist, eða hefði mátt öðlast vitneskju um þær aðstæður sem krafan byggist á, – án stórkostlegs gáleysis.

(2) Láti kröfuhafi fyrningarfrestinn líða án þess að grípa til lagalegra ráðstafana til að framfylgja kröfunum, hefur hann fyrirgert rétti sínum til að fá kröfunum fullnægt. Þetta gildir ekki um kröfur sem við höfum þegar viðurkennt.

§ 27 Hvaða lög gilda um samninginn?

Um samninginn gilda lög Sambandslýðveldisins Þýskalands.

§ 28 Hvar er varnarþingið?

(1) Varnarþing ákæra á hendur okkur vegna samningsins er hjá dómstól í því umdæmi þar sem aðsetur okkar, eða útibú sem annast samninginn, er. Einnig hjá dómstól í því umdæmi þar sem þú átt lögheimili þegar mál er höfðað. Ef lögheimili er ekki til, þá á þeim stað þar sem venjulegur dvalarstaður er. Sérft þú lögaðili, þá einnig hjá dómstól í því umdæmi þar sem aðsetur, eða aðsetur útibús, er.

(2) Mál á hendur þér vegna samningsins þarf að höfða fyrir dómstól í því umdæmi þar sem þú átt lögheimili. Ef lögheimili er ekki til, þá á þeim stað þar sem venjulegur dvalarstaður er. Sérft þú lögaðili, þá einnig hjá dómstól í því umdæmi þar sem aðsetur, eða aðsetur útibús, er.

(3) Ef venjulegur dvalarstaður eða lögheimil er flutt úr landi eru varnarþing málshöfðana vegna tryggingarsamningsins hjá dómstólum þess ríkis þar sem við höfum aðsetur.

§ 29 Hvenær má aðlaga skilmála?

(1) Ef dómur hefur úrskurðað ákvæði í tryggingarskilmálum okkar ógilt, eða það lýst haldlaust með stjórnvaldsákvörðun, getum við skipt því út fyrir nýtt ákvæði, að því tilskildu að

- slíkt sé nauðsynlegt til að tryggja áframhald samnings, eða að
- það væri óverjandi harka gagnvart öðrum hvorum samningsaðila – að teknu tilliti til hagsmuna hins samningsaðilans – að halda samningnum óbreyttum.

Nýja ákvæðið öðlast því aðeins gildi að markmiði samnings sé náð, jafnframt því að tekið sé sanngjarnt tillit til hagsmuna tryggingartaka.

(2) Nýja ákvæðið skv. 1. mgr. verður hluti af samningnum tveimur vikum eftir að nýja ákvæðið, ásamt ástæðum fyrir áorðnum breytingum, hefur verið sent til þín.

(3) Ef eitthvert ákvæði þessara skilmála verður óvirkt að öllu leyti eða að hluta hefur slíkt ekki áhrif á önnur ákvæði.

Ákvæði um arðshlutdeild samkvæmt 3. mgr. 6. gr.

Staða: 15.07.2018

Ákvæði þessi eru hluti almennra skilmála sem liggja tryggingarsamningi þínum til grundvallar. Við getum breytt þeim varðandi samninginn að uppfylltum skilyrðunum 29. greinar.

1. Hvernig úthlutum við arðshlutum? Við veitum þér og öðrum tryggingartökum hlutdeild í arði og varasjóðum virðismismunar samkvæmt 153. gr. laga um tryggingarsamninga (laga um tryggingasamninga VVG) (arðshlutdeild).

Samningurinn öðlast arðshluti í þeim reikni- og arðflokki sem samningur tilheyrir. Nánar um skipan í flokka er að finna í tryggingarskírteini.

Nánar um úthlutun arðshluta er að finna í árlægri áætlun um úthlutun arðs. Áætlun um úthlutun arðs birtum við árlega í ársskýrslu á heimasíðu okkar.

Samningurinn á hlutdeild í arði allt frá fyrsta tryggingarári

1.1. Reglubundnir arðshlutar

Samningurinn öðlast fyrir hvert ár samningstímans reglubundna arðshluta, þegar þeim er úthlutað. Reglubundnir arðshlutar geta myndast sem arðshlutar frá vöxtum, annars vegar, og sem arðshlutar frá umsýslukostnaði, hins vegar. Þeim er úthlutað sem hér segir: Arðshlutum frá umsýslukostnaði, fyrir upphaf lífeyrisgreiðslu, er úthlutað í upphafi hvers mánaðar. Arðshlutum frá umsýslukostnaði, á lífeyristökutíma, og arðshlutum frá vöxtum, er úthlutað í lok tryggingarárs, hverju sinni.

Viðmiðunargrundvöllur

Viðmiðunargrundvöllur reglubundinna arðshluta er:

- Fyrir upphaf lífeyrisgreiðslu:
 - Hvað varðar arðshluta frá vöxtum: meðaltal öryggisneignar, afvaxtað miðað við upphaf tryggingarárs, með árlegum lágmarksvöxtum sem nema 0,9 prósentum.
 - Hvað varðar arðshluta frá umsýslukostnaði; heildarinneign.
- Á lífeyristökutíma:
 - Hvað varðar arðshluta frá vöxtum; sú heildarinneign sem er á bak við lífeyrisgreiðslur - og sem á úthlutunardegi er fundin með reikniforsendum fyrir útreikning varasjóðs.
 - Hvað varðar arðshluta frá umsýslukostnaði; tryggður árlífeyrir, - sem fundinn var við upphaf lífeyrisgreiðslu og tryggður er frá þeim tímamarki.

1.2 Hlutar í lokaarði

Gert er ráð fyrir úthlutun hluta í lokaarði á eftirtöldum tímamörkum (úthlutunardagar).

- á sveigjanlega lífeyristökutímanum: Við upphaf lífeyrisgreiðslna, við útborgun heildarinneignar eða við uppsögn, að liðnu fjórða tryggingarári;
- við væntanlegt upphaf lífeyristöku: Við upphaf lífeyrisgreiðslu, við útborgun heildarinneignar eða við uppsögn;
- á framlengingartíma: Við upphaf lífeyrisgreiðslu, við útborgun heildarinneignar eða við uppsögn;
- fyrir upphaf sveigjanlegs lífeyristökutíma: Við uppsögn, ef þriðjungur söfnunartíma fram að væntanlegu upphafi lífeyristöku er liðinn, þó í fyrsta lagi að liðnu fjórða tryggingarári, eða eftir lok 10. tryggingarárs;
- fyrir upphaf lífeyrisgreiðslu: Við andlát hins tryggða - þess sem líftryggður er samkvæmt tryggingunni.

Ráðstöfun hluta í lokaarði

Prósentur hluta í lokaarði á einstökum úthlutunardögum eru endurákvæðar með reglubundnum hætti. Samningnum er úthlutað reiknuðum hlutum í lokaarði til bráðabirgða.

Úthlutaða hluta í lokahagnaði ávöxtum við með vaxtaþrósentum sem eru endurákvæðar með reglubundnum hætti. Ávöxtuninni er skipt niður á samninginn til bráðabirgða.

Hlutar í lokaarði, sem þegar hefur verið úthlutað, ásamt vöxtum, geta fallið niður að nokkru leyti eða öllu – einnig afturvirk.

Úthlutun hluta í lokaarði

Um úthlutun lokaarðshluta, sem og vaxta, gilda þær reglur sem reiknaðar hafa verið út fyrir viðkomandi úthlutunardag.

Hvort og hversu háum hlutum í lokaarði, og lágmarkshlutdeild í varasjóðum virðismismunar, verður úthlutað, ræðst alfarið af áformum um dreifingu arðs á því tímabili þegar úthlutun fer fram. Lokaarður getur fallið niður að nokkru leyti eða öllu.

Ef hinn tryggði andast áður en lífeyrisgreiðslur hefjast eða ef tryggingarsamningnum er sagt upp, lækkar hlutdeild í lokaarði í samræmi við tryggingastærðfræðilegar reglur.

Viðmiðunargrundvöllur

Viðmiðunargrundvöllur fyrir hluta í lokaarði eru meðaltal öryggisneignar, afvaxtað miðað við upphaf tryggingarárs, með árlegum lágmarksvöxtum sem nema 0,9 prósentum, sem og meðaltal hlutatengdrar inneignar.

1.3 Hlutdeild í varasjóðum virðismismunar

Hafi lífeyristryggingin átt þátt í myndun varasjóðs virðismismunar veitum við þér hlutdeild í varasjóði virðismismunar.

Skipting varasjóðs virðismismunar

Varasjóði virðismismunar er á árlegum reikningsskiladegi deilt niður á tryggingarsamning til bráðabirgða í hlutfalli við tillag hans (3. mgr. 153. greinar VVG).

Til þess reiknum við út virði öryggisneignar á reikningsskiladegi, að viðbættu samsvarandi verðmæti á undangengnum reikningsskiladögum. Verðgildi tryggingarsamningsins, sem þannig er fundið, er síðan sett í samhengi við samsvarandi gildi allra samninga sem eiga rétt til slíks (úthlutunarregla).

Á lífeyristökutíma er við útreikning úthlutunarreglu aðeins tekið tillit til heildarinneignar frá upphaf lífeyrisgreiðslu; auk þess hefur samtala þess lífeyris sem þegar hefur verið greiddur áhrif á úthlutunarreglu. Nánar um þetta er að finna í áætlun okkar um úthlutun arðs.

Úthlutunarregla sem þannig er fundin á reikningsskiladegi sýnir þá hlutdeild í varasjóði virðismismunar sem kemur í hlut samningsins í hlutfalli við alla samninga sem rétt eiga á úthlutun; úthlutunarreglan gildir í tólf mánuði hverju sinni. Tímabilið hefst þann 01.01 á næsta ári, eftir kl. 12 á hádegisdegi, og varir til 01.01 kl. 12 á hádegisdegi árið þar á eftir.

Varasjóði virðismismunar úthlutað

Við úthlutun er eingöngu tekið mið af varasjóðum virðismismunar sem taka skal tillit til lögum samkvæmt og samkvæmt eftirlitsfyrirmælum um hlutdeild samninga (ráðandi varasjóðir virðismismunar).

Varasjóðum virðismismunar er úthlutað við upphaf lífeyristöku eða greiðslu heildarinneignar; sama gildir ef tryggingarsamningurinn endar fyrir upphaf lífeyrisgreiðslu vegna andláts hins tryggða, eða vegna uppsagnar (úthlutunardagar).

Eftir upphaf lífeyrisgreiðslu fer úthlutun fram í lok hvers tryggingarárs, ef tryggð lifir þann úthlutunardag, þó í fyrsta skipti að liðnu fyrsta lífeyristökuári. Auk þess er úthlutað við samningslok, ef greiðsla gjaldfrellur þá.

Í þessu skyni reiknum við út þá fjárhæð varasjóðs virðismismunar sem gildir á viðkomandi úthlutunardegi og fer helmingurinn inn á tryggingarsamninginn samkvæmt útreiknaðri úthlutunarreglu.

Verðmæti gildandi varasjóða virðismismunar hverju sinni er reiknað út að minnsta kosti mánaðarlega. Ákvörðun þessara útreikningsdaga, tilgreining þeirra skilyrða sem gilda fyrir hvern þeirra, sem og röðun gildandi útreikningsdaga, hverju sinni, niður á viðkomandi úthlutunardaga, er liður í áætlun okkar um dreifingu á arðshlutum og fer alltaf fram fyrir eitt ár í senn.

Útreiknað verðgildi ráðandi varasjóða virðismismunar hverju sinni getur verið annað en raunverulegt verðgildi varasjóða virðismismunar; það getur breyst hvenær sem er, getur einnig sveiflast upp og niður í verulegum mæli og jafnvel fallið algjörlega niður.

1.4 Lágmarkshlutdeild í varasjóðum virðismismunar

Verðgildi ráðandi varasjóða virðismismunar hverju sinni getur sveiflast mjög verulega frá einum tíma til annars. Til að jafna út þessar sveiflur getum við samið um lágmarksupphæð (lágmarkshlutdeild) fyrir samninginn – umfram þann rétt sem lög gera ráð fyrir.

Gert er ráð fyrir lágmarkshlutdeild í varasjóðum virðismismunar á eftirfarandi tímamarkum (úthlutunardagar):

- Á sveigjanlega lífeyristökutímanum:
Við upphaf lífeyrisgreiðslna, við útborgun heildarinnæignar eða við uppsögn, að liðnu fjórða tryggingarári;
- við væntanlegt upphaf lífeyristöku:
við upphaf lífeyrisgreiðslu, við útborgun heildarinnæignar eða við uppsögn;
- á framlengingartíma:
við upphaf lífeyrisgreiðslu, við útborgun heildarinnæignar eða við uppsögn;
- fyrir upphaf sveigjanlegs lífeyristökutíma:
við uppsögn, ef þriðjungur söfnunartíma fram að væntanlegu upphafi lífeyristöku er liðinn, þó í fyrsta lagi að liðnu fjórða tryggingarári, eða eftir lok 10. tryggingarárs;
- fyrir upphaf lífeyrisgreiðslu: við
andlát hins tryggða
- eftir upphaf lífeyrisgreiðslu:
við lok tryggingarárs, ef tryggð lifir þann úthlutunardag, þó í fyrsta skipti að liðnu fyrsta lífeyristökuári.

Ráðstöfun lágmarkshlutdeilda í varasjóðum virðismismunar

Lágmarkshlutdeild í varasjóðum virðismismunar er endurskoðuð reglulega fyrir hvern úthlutunardag. Lágmarkshlutdeild í varasjóðum virðismismunar er reiknuð út og skipt niður á samninginn til bráðabirgða.

Úthlutaða lágmarkshlutdeild í varasjóðum virðismismunar ávöxtum við með vaxtaþrósentum sem eru endurskoðuð reglulega. Ávöxtuninni er skipt niður á samninginn til bráðabirgða.

Lágmarkshlutdeild, sem skipt hefur verið niður á varasjóði virðismismunar, og ávöxtun hennar, getur fallið niður að nokkru leyti eða öllu – einnig afturvirk.

Úthlutun lágmarkshlutdeilda í varasjóðum virðismismunar

Um úthlutun lágmarkshlutdeilda í varasjóðum virðismismunar, og ávöxtun hennar, gilda þær reglur sem reiknaðar hafa verið út fyrir viðkomandi úthlutunardag.

Hvort og hversu há lágmarkshlutdeild í varasjóðum virðismismunar verður í reynd ræðst alfarið af áformum um dreifingu arðs á því tímabili sem úthlutunardagur lendir innan. Lágmarkshlutdeild getur fallið niður að nokkru leyti eða öllu.

Lágmarkshlutdeild er ákveðin með fyrirvara um ákvarðanir í ársskýrslu og raunverulega úthlutun úr varasjóði virðismismunar. Þegar lágmarkshlutdeild hefur verið tilkynnt lækkar upphæðin, svo nemur þeim varasjóðum virðismismunar sem samningnum var raunverulega úthlutað. Ef raunveruleg útreiknuð hlutdeild í varasjóði virðismismunar fyrir tryggingarsamninginn er á úthlutunardegi hærri en sú upphæð, sem þú átt rétt á, sem lágmarkshlutdeild, fellur lágmarkshlutdeild niður og þú færð hærri upphæðina, þ.e. þá hlutdeild í varasjóði virðismismunar sem raunverulega kemur í hlut samningsins.

Ef hinn tryggði andast fyrir upphaf lífeyristöku, eða við uppsögn, lækkar lágmarkshlutdeildin í samræmi við tryggingastærðfræðilegar meginreglur.

Viðmiðunargrundvöllur fyrir lágmarkshlutdeild

Viðmiðunargrundvöllur fyrir lágmarkshlutdeild er meðaltal öryggisinnæignar, afvaxtað miðað við upphaf tryggingarárs með árlægum lágmarksvöxtum sem nema 0,9 prósentum.

Á lífeyristökutíma samsvarar viðmiðunargrundvöllurinn þeim grundvelli sem gildir um reglubundna arðshluta (vaxtaarður), og vikur þetta frá því sem að ofan greinir.

2. Hvernig ráðstöfun við úthlutaðum arðshlutum, og varasjóðum virðismismunar, eða lágmarkshlutdeild í varasjóðum virðismismunar, fyrir upphaf lífeyrisgreiðslu?

2.1 Reglubundnir arðshlutar

Reglubundna arðshluta frá vöxtum, - sem úthluta skal -, og arðshluta frá umsýslukostnaði, - sem úthluta skal -, tekjufærum við sem bónusidgjald inn á heildarinnæign samningsins, að frádregnum umsýslukostnaði (sjá 3. mgr. 1. gr.). Eindagi útreiknings á vaxtaarðshluta er síðasti kauphallardagur fyrir 15. dag þess mánaðar sem fer á undan úthlutunardegi, og eindagi umsýslukostnaðarhluta er fyrsti kauphallardagur á eftir úthlutunardegi.

Sem hluti af heildarinnæign lýtur bónusidgjald þar með reglum um áætlun um verðmætatryggingu, samkvæmt 3. mgr. 3. gr.

Tryggð lágmarksinnæign við væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu hækkar um sem nemur hverju bónusidgjaldi (sjá 5. mgr. 2. gr.).

2.2 Hlutar í lokaarði

Hluta í lokaarði sem úthluta skal greiðum við við andlát hins tryggða, fyrir upphaf lífeyrisgreiðslu, eða við uppsögn á söfnunartíma. Um notkun við upphaf lífeyrisgreiðslu gildir töluúður 3 á sama hátt.

2.3 Varasjóðir virðismismunar eða lágmarkshlutdeild í varasjóðum virðismismunar

Andvirði hlutdeilda í varasjóðum virðismismunar, eða hugsanlegrar lágmarkshlutdeilda, er greitt út til réttthafa lífeyrisins, fyrir upphaf lífeyrisgreiðslu við andlát hins tryggða, eða við uppsögn. Við upphaf lífeyrisgreiðslu notum við úthlutaða varasjóði virðismismunar samkvæmt töluúður 3.

3. Hvernig ráðstöfun við arðsinneign við upphaf lífeyrisgreiðslu?

Við upphaf lífeyrisgreiðslu reiknum við það sem fyrir hendi er sem

- heildarinnæign til viðbótar við
- úthlutaða hluti í lokaarði sem og
- úthlutaða varasjóði virðismismunar eða hugsanlega úthlutaða lágmarkshlutdeild í varasjóðum virðismismunar

ævilangan tryggðan lífeyri frá þeirri stundu.

Ráðandi hvað varðar útreikningi á verðmæti hluta í IOK og völdum fjárfestingasjóðum, er síðasti kauphallardagur fyrir 15. dag þess mánaðar sem fer á undan upphafi lífeyrisgreiðslu. Ráðandi hvað varðar fjölda hluta er dagurinn þegar lífeyrisgreiðslur hefjast.

Vegna þess að reglur þær sem gilda um nýgerða samninga eru notaðar við ávöxtun (sjá 3. mgr. 2. gr.), veldur úthlutað arðshlutdeild ekki endilega því að ævilangur lífeyrir verði hærri en tryggður lágmarkslífeyrir samkvæmt 4. mgr. 2. gr.

Ef valin er greiðsla inneignar í stað lífeyris greiðum við út allar arðsinneignir sem fyrir hendi eru, ásamt heildarinneign.

4. Hvernig ráðstöfum við úthlutuðum arðshlutum og varasjóði virðismismunar eða lágmarkshlutdeild í varasjóði virðismismunar eftir upphaf lífeyrisgreiðslu?

Samningurinn á einnig hlutdeild í reglubundnum arði og í varasjóðum virðismismunar eða lágmarkshlutdeild í varasjóðum virðismismunar eftir upphaf lífeyrisgreiðslu. Reikniforsendur sem notaðar eru til ávöxtunar, við upphaf lífeyrisgreiðslu, haldast líka ráðandi fyrir arðshluta sem til falla á lífeyristökutíma.

Arðshlutum, sem úthluta skal eftir upphaf lífeyrisgreiðslu, og varasjóðum virðismismunar, eða lágmarkshlutdeild í varasjóðum virðismismunar, ráðstöfum við til að hækka lífeyri sem fundinn er við upphaf lífeyrisgreiðslu, eða til að hækka umsamda greiðslu við samningslok.

Við andlát hins tryggða eftir upphaf lífeyrisgreiðslu, og áframhaldandi greiðslu lífeyris, endurreiknum við lífeyrinn úr arðshlutdeildinni; hann getur lækkað.

Fram að upphafi lífeyrisgreiðslu má velja á milli svofelldra ráðstöfunarleiða:

4.1 Arðslífeyrir með lágmarksbónuslífeyri

Hagnaðarhlutum sem úthlutað er, eftir upphaf lífeyrisgreiðslu, er ráðstafað að hluta til til beinnar hækkunar lífeyris (hagnaðarlífeyrir), að hluta til sem iðgjaldseingreiðsla til aukalegs iðgjaldsfrís lífeyris (lágmarksbónuslífeyrir).

Varasjóðum virðismismunar, eða lágmarkshlutdeild í varasjóðum virðismismunar, er ráðstafað til að hækka lífeyrinn, sem iðgjaldseingreiðsla til aukalegs iðgjaldsfrís lífeyris (bónuslífeyrir).

Arðslífeyrir ræðst af aldri hins tryggða, upphæð hans er ekki tryggð og gjaldfellur hann um leið og útreiknaður lífeyrir við upphaf lífeyris. Lágmarksbónuslífeyrir og bónuslífeyrir eru tryggðir til frambúðar og eiga sömuleiðis rétt á arði.

Lágmarksbónuslífeyri greiðum við því aðeins út ef, og að svo miklu leyti sem, hann er hærri en arðslífeyrir; fram til þess tímamarksláums við lágmarksbónuslífeyri saman við arðslífeyrinn. Lágmarksbónuslífeyrir og bónuslífeyrir fela í sér tryggða hækkun lífeyris, ef slíkt er innifalið.

Við útreikning á lágmarksbónuslífeyri og bónuslífeyri notum við á öllum lífeyrisgreiðslutímanum lágmarksvefni sem nema núll prósentum og dánartöflu eins og hún er í gildi við upphaf lífeyrisgreiðslu.

Fjárhæð arðshlutdeildar ræðst af mörgu þáttum. Mikilvægustu þættirnir eru vaxtaþróun á fjármálamarkaði og breytingar á lífslíkum. Þá hefur þróun raunverulegs kostnaðar einnig áhrif. Af þessum sökum er ekki hægt að ábyrgjast endanlega fjárhæð væntanlegrar arðshlutdeildar. En til að gefa þrátt fyrir þetta einhverja hugmynd um þróun arðshlutdeildar má óska eftir að fá sent dæmi um hagnaðarútreikning miðað við aðstæður þínar, án ábyrgðar.

4.2 Bónuslífeyrir

Arðshlutum, sem úthlutað er eftir upphaf lífeyrisgreiðslu, og varasjóðum virðismismunar, eða lágmarkshlutdeild í varasjóðum virðismismunar, er ráðstafað til að hækka lífeyrinn, og þá sem iðgjaldseingreiðsla til aukalegs iðgjaldsfrís lífeyris (bónuslífeyrir).

Frá öðru ári lífeyristöku fæst þannig, þegar um úthlutun er að ræða, aukalegur bónuslífeyrir, - sem gjaldfellur um leið og lífeyrir við upphaf lífeyrisgreiðslu -, og á hann sömuleiðis rétt á arði, og sem tryggður er til frambúðar. Bónuslífeyrir felur einnig í sér tryggða hækkun lífeyris, ef slíkt er innifalið.

Við útreikning á bónuslífeyri notum við á öllum lífeyrisgreiðslutímanum lágmarksvefni sem nema núll prósentum og dánartöflu eins og hún er í gildi við upphaf lífeyrisgreiðslu.

5. Annars konar lífeyrisskeið

Allt að tveimur mánuðum fyrir upphaf lífeyrisgreiðslu má fara fram á að samningurinn taki einnig mið af fjármálamörkuðum á lífeyrisskeiðinu, eða haldi áfram í annars konar lífeyrisskeiði, ef slíkt er í boði við upphaf lífeyrisgreiðslu. Þá ráða ákvæði samningsins sem í gildi eru við upphaf lífeyrisgreiðslu.

Ákvæði um gjöld og gjaldskrárháðar takmarkanir samkvæmt 25. gr.

Staða: 15.07.2018

Ákvæði þessi eru hluti almennra skilmála sem liggja tryggingarsamningi þínum til grundvallar. Við getum ákvarðað sanngjarna skilmála að nýju. Gildandi kostnaðaryfirlit hverju sinni má fá hjá okkur, hvenær sem er.

1 Kostnaður

Nr.	Tegund kostnaðar	nú	að hámarki
1.1	Endursending skuldfærslubeiðna	áfallinn bankakostnaður	
1.2	Úrvinnsla ógildingar 1. mgr. 16. gr.	0,00 evrur	10 prósent fyrsta iðgjalds eða eingreiðsla iðgjalds hámark 150,00 evrur
1.3	Ítrekun vegna síðara iðgjalds í vanskilum, sjá 3. mgr. 16. gr.	0,00 evrur	5,00 evrur
1.4	Breyting á samningi	0,00 evrur	15,00 evrur
1.5	Lækkun iðgjalds	0,00 evrur	15,00 evrur
1.6	Breyting á viðtökurétti	0,00 evrur	15,00 evrur
1.7	Aukaeintak tryggingarskírteinis	0,00 evrur	15,00 evrur
1.8	Takmörkuð ráðstöfun staðfest	0,00 evrur	15,00 evrur
1.9	Afsal eða veðsetning afgreidd	0,00 evrur	15,00 evrur
1.10	Óflun einstakra yfirlýsinga ef undanskilja á einhvern frá þagnarskyldu; hver yfirlýsing	0,00 evrur	15,00 evrur

Að auki reiknum við þér kostnað sem þriðju aðilar leggja á okkur.

Allar upphæðir hækka um sem nemur burðargjöldum.

Öll opinber gjöld og álögur (t.d. skatta) sem kunna að verða lögð á vegna samningsins reiknum við inn í greiðslur okkar, eða þarf að endurgreiða okkur.

Dráttarvaxtaþrósentur taka mið af fjármálamörkuðum. Þær eru þó hið mesta 5 prósentupunkturum hærrí en grunnþrósentu samkvæmt 247. gr. einkamálalaga (Bürgerliches Gesetzbuch).

Gjöld, endurgreiðslu kostnaðar og ógreidda dráttarvexti drögum við frá heildarinneign samningsins.

2 Gjaldskrárháðar takmarkanir

Nr.	Tegund	
2.1	Lágmarksiðgjald aðaltryggingar með reglubundnum iðgjaldsgreiðslum nemur á mánuði	25,00 evrum
	Samtala iðgjalda nemur að minnsta kosti	12.000,00 evrum
2.2	Lágmarksiðgjald aðaltryggingar með iðgjaldseingreiðslu nemur	10.000,00 evrum
2.3	Aukagreiðslur	
	- lágmarksupphæð	200,00 evrum
	- hámarksupphæð	
	- hvert tryggingarár að hámarki	10.000,00 evrum
2.4	Lágmarkslífeyrir nemur, samkvæmt 4. mgr. 2. gr.	
	- ef greitt er árlega	300,00 evrum
	- ef greitt er á hálfis árs fresti	150,00 evrum
	- ef greitt er ársfjórðungslega	75,00 evrum
	- ef greitt er mánaðarlega	25,00 evrum
2.5	Uppsögn að hluta til	
	- eftirstöðvar heildarinneignar	3.000,00 evrur
2.6	Úttekt inneignar að hluta til á söfnunartíma	
	- lágmarksupphæð úttektar	1.000,00 evrur
	- eftirstöðvar heildarinneignar	3.000,00 evrur
2.7	Úttekt inneignar að hluta við upphaf lífeyrisgreiðslu	
	- lágmarksupphæð úttektar	1.000,00 evrur
	- eftirstöðvar lífeyris	að minnsta kosti sjá tölu 2.6
2.8	Úttekt inneignar að hluta á lífeyrisgreiðslutíma	
	- lágmarksupphæð úttektar	1.000,00 evrur
	- hámarksúttekt dánarbóta sem takmarkast við tryggða heildarinneign	
2.9	Alger undanþága frá greiðslu iðgjalds: eftirstöðvar heildarinneignar	3.000,00 evrur

Upplýsingar handa viðskiptavinum um mikilvægar spurningar

Staða: 01.01.2018 – Prentnúmer D5120409

Þú kaust að velja vísitölumiðaða söfnunarlífeyristryggingu - Rente WachstumGarant. Hún veitir þér, við lifun, tryggingarvernd með milliliðalausri hlutdeild í verðmætaþróun í séreignarsjóði okkar eigu. Hér á eftir útskýrum við helstu spurningar varðandi lífeyristrygginguna.

1. Hvað er Rente WachstumGarant?

Með Rente WachstumGarant bjóðum við þér ævilangan söfnunarlífeyri. Á söfnunartímanum – það er tíminn frá upphafi tryggingar til upphafs lífeyrisgreiðslu – tekur þú þátt í verðmætaþróun vísitölumiððu fjárfestingar okkar (IOK). Hluta af inneignum okkar fjárfestum við einnig í öðrum eignum. Til að geta staðið við tryggðan lágmarkslífeyri eða tryggða lágmarksinneign eða til að greiða umsýslukostnað sem til fellur vegna samningsins, dreifum við heildarinnæign samningsins stöðugt á þessar fjárfestingaleiðir.

Ekki er hægt að sjá verðmætaþróun IOK fyrir. Fyrir upphaf lífeyrisgreiðslu gefst kostur á verðmætaaukningu, við gengishækkun verðbréfa fjárfestingabréfasafnsins; en gengislækkun fylgir hætta á verðmætarýrnun.

Tíu prósent reglubundinnar verðmætaaukningar IOK eru í hverjum mánuði tryggð sjálfkrafa sem afrakstur: þau hækka tryggða lágmarksinneign. Reglubundin verðmætaaukning er sú jákvæða verðmætaaukning hlutanna í IOK, sem voru úthlutaðir samningnum, og til verður á einum almanaksmánuði á söfnunartímanum.

Við útreikning á ævilöngum lífeyri er þó til ráðstöfunar, við væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu, heildarinnæign sem nemur að minnsta kosti samanlagðri upphæð greiddra iðgjalda inn á lífeyristrygginguna (tryggð iðgjaldsendurgreiðsla við væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu).

Ævilangur lífeyrir, sem við greiðum við væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu, er að minnsta kosti jafn hár og tryggður lágmarkslífeyrir.

Við upphaf lífeyrisgreiðslu færum við frá fjárfestingabréfum (Anlagestock) þann hluta í IOK sem fellur samningi þínum í skaut og festum andvirðið í öðrum tryggum eignum okkar, hafi ekki verið samið um annars konar lífeyrisskeið. Tengslin við IOK rofna; verðmætaþróun IOK hefur því ekki lengur áhrif á hæð ævilangs lífeyris.

2. „Hver er hver“ í Rente WachstumGarant?

Sem tryggingartaki ert þú samningsaðili okkar. Hinn tryggði er sá sem líftryggður er samkvæmt samningnum. Réttmætur viðtakandi er sá sem þú ákvæðst að skyldi hljóta greiðsluna.

3. Hvenær hefst tryggingarverndin?

Tryggingarverndin hefst þegar samningurinn hefur verið undirritaður. Þó stofnast engin tryggingarvernd fyrir það upphaf tryggingar sem tilgreint er í tryggingarskírteininu. Tryggingarvernd hefst klukkan 12 á hádegis á þeim degi sem tilgreindur er í tryggingarskírteini. Greiðsluskýlda okkar getur fallið niður ef þú greiðir ekki iðgjald á réttum tíma.

4. Hver fær greiðsluna?

Við greiðum þér, sem tryggingartaka, greiðsluna. Tilgreina má annan aðila sem á að fá greiðsluna (réttmætur viðtakandi):

Ef bótaréttur er tilgreindur sem **afturkallanlegur** má hvenær sem er afturkalla bótaréttinn. Eftir andlát er ekki lengur hægt að afturkalla hann.

Óafturkallanlegum bótarétti er aðeins hægt að breyta með samþykki réttmæts viðtakanda.

Veiting og afturköllun eða breyting á bótarétti er ekki virk gagnvart okkur fyrr en slíkt hefur verið tilkynnt okkur skriflega með eiginhandarundirskrift þinni.

5. Hvernig er lífeyrir reiknaður út?

Ef hinn tryggði er á lífi við umsamið upphaf lífeyristöku greiðum við tryggðan lífeyri meðan hinn tryggði er á lífi.

Við upphaf lífeyrisgreiðslu reiknum við það sem fyrir hendi er sem

- heildarinnæign til viðbótar við
- úthlutaða hluti í lokaarði
- úthlutaða varasjóði virðismismunar eða hugsanlega úthlutaða lágmarkshlutdeild í varasjóðum virðismismunar

ævilangan tryggðan lífeyri frá þeirri stundu.

Við útreikning á ævilöngum lífeyri er að minnsta kosti heildarinnæignin við væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu til ráðstöfunar:

- samtala greiddra iðgjalda inn á lífeyristrygginguna (tryggð iðgjaldsendurgreiðsla við væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu) til viðbótar við
- afrakstur sem fyrir hendi er úr Lock-In við væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu auk
- bónusiðgjalda sem fyrir hendi eru.

Heildarinnæign umfram þessa **tryggðu lágmarksinneign við væntanlegt upphaf lífeyrisgreiðslu** getum við ekki ábyrgst.

Við útreikninginn notum við reikniforsendur sem í gildi eru um lífeyrisgreiðslur í nýgerðum sambærilegum lífeyristryggingum, þar sem greiðsla lífeyris hefst strax.

Sambærilegar lífeyristryggingar þar sem greiðsla lífeyris hefst strax eru þær tryggingar þar sem

- gert er ráð fyrir ævilöngum tryggðum lífeyri frá upphafi lífeyrisgreiðslu og greiðslu við andlát,
- ekki er gert ráð fyrir frekari viðbótargreiðslum á lífeyrisgreiðslutíma,
- ekki er gert ráð fyrir áhættumati við lífeyrisgreiðslur og
- gert er ráð fyrir reglum um arðshlutdeild frá upphafi lífeyrisgreiðslu, og sem eru efnislega sambærilegar við Rente WachstumGarant.

Ef við - við upphaf lífeyrisgreiðslu - bjóðum ekki upp á neinar sambærilegar lífeyristryggingar þar sem greiðsla lífeyris hefst strax, þá notum við, við útreikning ævilangs lífeyris, þær reikniforsendur sem við myndum nota á þeim tímapunkti við gerð nýrra samninga um sambærilega lífeyristryggingu þar sem greiðsla lífeyris hefst strax. Þessar reikniforsendur finnum við í samræmi við tryggingastærðfræðilegar meginreglur og að þeirri forsendu gefinni, að þær feli í sér þær reikniforsendur sem viðhafa skal og þau lögböðnu eftirlitsfyrirmæli og önnur ákvæði sem í gildi eru hverju sinni um útreikning á ábyrgðarsjóði í nýjum, sambærilegum samningum.

Þær reikniforsendur sem í gildi eru í reynd við upphaf lífeyrisgreiðslu og eru ráðandi fyrir útreikning ævilangs lífeyris eru ekki þekktar. Ef þær reynast óhagstæðari en reikniforsendurnar sem lágu til grundvallar við samningsgerð

– sem lægri lágmarksvextir eða verulega auknar ævilíkur – geta verðgildin orðið lægri.

Veruleg breyting á reikniforsendum getur þó einnig leitt til þess að nota þurfi úthlutaðar arðsinneignir við upphaf lífeyrisgreiðslu, að fullu eða að hluta, til að tryggja tryggðan lágmarkslífeyri. Þetta á ekki við ef valin er greiðsla inneignar.

Ef ævilangur lífeyrir er lægri en tryggður lífeyrir eins og hann er tilgreindur í tryggingarskírteini greiðum við þér í hans stað þennan tryggða lágmarkslífeyri.

Nái ævilangur lífeyrir sem greiða skal ekki umsaminni lágmarksupphæð kemur til greiðslu inneignar og samningi lýkur.

Hægt er að fara fram á að í stað lífeyris komi til fjárgreiðslu (greiðsla inneignar) á gjalddaga fyrstu lífeyrisgreiðslu, ef hinn tryggði er þá á lífi. Með greiðslu inneignarinnar lýkur samningnum.

6. Hvernig má komast að því hvert virði samningsins er?

Við sendum árlega tilkynningu þar sem sjá má verðgildi hlutanna í IOK og verðgildi heildarinneignar. Við greinum þér hvenær sem er frá verðgildi samningsins, sé þess óskað.

7. Hvað ættirðu að vita um iðgjaldsgreiðslu?

Iðgjöld greiðast, allt eftir því sem um samdist, í einu iðgjaldi (iðgjaldseingreiðsla), mánaðarlega, ársfjórðungslega, á hálfis árs fresti eða árlega til loka umsamins iðgjaldsgreiðslutíma.

Mikilvægar ástæður, svo sem sjúkdómur eða atvinnuleysi, geta leitt til þess að þú getir ekki í einhvern tíma greitt iðgjöldin fyrir samninginn. Öfyrirveguð uppsögn samningsins væri þá ugglautst verstí kosturinn. Þiggið í slíku tilviki ráðleggingar hjá okkur, til að halda fjárhagslegu tjóni í lágmarki.

8. Er hægt að fara fram á afrit af yfirlýsingum þínum?

Samkvæmt 3. gr. laga um tryggingasamninga (VVG) geturðu hvenær sem er, á eigin kostnað, farið fram á afrit af yfirlýsingum þínum varðandi samninginn.

9. Er hægt að breyta samningnum til að verja hann gegn fjárnámi?

Hægt er hvenær sem er, á eigin kostnað, að fara fram á að samningnum verði breytt og hann varinn gegn fjárnámi. Þá þarf samningurinn að uppfylla svofelld skilyrði:

- Greiðslan fer fram með reglulegu millibili ævilangt og ekki fyrir lok 60. aldrsárs eða aðeins við upphaf starfsörorku.
- Kröfum samkvæmt samningnum verður ekki ráðstafað til annarra.
- Útilokað er að kveða á um að þriðju aðilar verði lýstir réttmætir viðtakendur; þó að eftirlifendum undanskildum.
- Ekki er samið um greiðslu inneignar, nema hvað varðar greiðslu við andlát.

10. Hvernig eru kröfur samkvæmt samningnum tryggðar?

Fyrirtækið Protektor Lebensversicherung-AG (Postfach 080306, 10003 Berlin, www.protektor-ag.de) tryggir, sem lögboðinn tryggingarsjóður, kröfur samkvæmt samningnum. Tryggingarsjóðurinn ábyrgist áunnin réttindi og kröfur tryggingartaka, hins tryggða, réttmætra viðtakenda og annarra sem eiga kröfu á grundvelli samningsins.

Hlutir í IOK sem úthlutaðir eru samningnum eru færðir sem séreign þín í okkar vörslu, eða, ef við verðum ógjaldfær, í vörslu sjóðsfélagsins.

11. Má jafna ágreiningsmál utan dómstóla?

Snúið ykkur vinsamlegast í fullu trausti til okkar með spurningar, vandamál eða umkvartanir. Við gengum í félag umboðsmanna, Versicherungsombudsman e.V., Postfach 080632, 10006 Berlin, www.versicherungsombudsman.de og tökum þátt í sáttameðferðum þess.

Umboðsmaður miðlar málum í ágreiningsmálum við tryggingafélög í deilum þar sem deiluefnið nemur allt að 100.000 evrum. Eftir að hafa haldið kröfum til streitu hjá okkur er hægt að snúa sér með óformlegum hætti til umboðsmanns bréfleiðis, símleiðis eða með tölvupósti. Gjaldfrjálst símanúmer innan þýska fastanetsins frá mánudegi til föstudags frá kl. 08:30 – 17:00 er: 0800-3696000.

Málsmeðferðin er þér að kostnaðarlausu og án skuldbindingar. Vátryggjandi er bundin af úrskurðum allt að 10.000 evrum.

Réttur til að leita réttar síns gagnvart dómstólum helst óbreyttur.



Upplýsingar til neytenda um gildandi skattareglur

Söfnunarlífeyristrygging

Staða: 01.01.2018 – Prentnúmer D5700762

Eftirfarandi lýsing er í samræmi við núgildandi skattalög. Skattaréttur tekur stöðugum breytingum. Við getum því ekki ábyrgst að umræddar skattareglur eigi við allan samningstímann.

Vegna breytinga á lögum, reglugerðum, lagafyrirmælum, stjórnvaldsfyrirmælum o.s.frv. síðar á samningstímanum, en einnig við breytingar á samningnum, getur komið til frávika hvað skattalega meðferð varðar.

A. Tekjuskattur

I. Lífeyristryggingar einstaklings

Iðgjöld og viðbótargreiðslur inn á söfnunarlífeyristryggingar einstaklinga er ekki hægt að meðhöndla sem sérstakan aukakostnað.

Iðgjöld vegna starfsörorku- eða örorku-viðbótartryggingar eða slysa-viðbótartryggingar má meðhöndla sem sérstakan aukakostnað í tengslum við lögboðnar hámarksupphæðir, ef hluti iðgjaldsins fyrir þessar viðbótartryggingar er tilgreindur sérstaklega í iðgjaldi aðaltryggingar.

Ævilangur lífeyrir lýtur, sem aðrar tekjur, tekjuskatti, en aðeins sem nemur hluta afrakstursins. Hluti afrakstursins er reiknaður sem prósentu af greiddum árslífeyri. Prósentu þessi ræðst af aldri hins tryggða við upphaf lífeyrisgreiðslu. Ef ævilangur lífeyrir verður greiddur áfram eftir andlát hins tryggða á tryggðum lífeyristíma, lýtur sá lífeyrir tekjuskatti samkvæmt þeim hluta afraksturs sem ríkt hefur til þessa.

Lífeyrir úr viðbótartryggingu eftirlífendalífeyris lýtur tekjuskatti eins og ævilangur lífeyrir. Hlutdeild afraksturs er reiknaður út frá aldri þess sem eftir lifir við fyrstu útborgun lífeyris.

Lífeyri úr starfsörorku- og örorku-viðbótartryggingu skal skattleggja sem tímabundinn lífeyri með hluta afraksturs samkvæmt 55. gr. reglugerðar um meðferð tekjuskatts.

Okkur ber lögum samkvæmt að tilkynna miðstöð fjármálastjórnsýslu um útborgaðar lífeyrisgreiðslur.

Þegar um greiðslu inneignar við lífun (eingreiðsla, útborgun inneignar að hluta til, úttekt inneignar að hluta til) er að ræða og ef um endurkaup er að ræða ber að líta á afraksturinn í tryggingargreiðslunni sem tekjur af fjármagni og skal sú upphæð skattleggjast óskert. Ef tryggingargreiðslan er greidd út eftir lok 62. æviárs hins skattskylda og þegar liðin eru 12 ár frá samningsgerð er einungis helmingur afrakstursins skattskyldur (svonefnd helmingsskattlagning).

Skattskyldur afrakstur reiknast með því að draga samtölu greiddra iðgjalda frá útborgaðri tryggingargreiðslu – ef um útborgun inneignar að hluta til eða úttekt inneignar að hluta til er að ræða, þá í viðkomandi hlutfalli. Í helmingsskattlagningu er aðeins hálf mismunarupphæðin skattskyld. Iðgjaldahluta vegna starfsörorku-, örorku- og slysaveiðbótartryggingar er ekki hægt að draga frá, það er að segja, þeir skerða ekki afraksturinn. Í sjóðsbundnum og blönduðum tryggingum lækkar skattskyldur afrakstur um 15 prósent, að því leyti sem um er að ræða fjárfestingaafrakstur úr Publikumsfonds-sjóðum (svonefnt skattleysi að hluta).

Skattskyldur afrakstur er alltaf skattlagður sem afrakstur fjármagnseigna með fastaskattinum 25 prósent, að viðbættum álögum vegna sameiningar Austur- og Vestur-Þýskalands. Þess í stað getur skattgreiðandinn sótt um skattlagningu með þeirri skattprósentu sem beitt er í tengslum við launatekjur samkvæmt skattframtali. Í helmingsskattlagningu er ekki beitt staðgreiðsluskatti; slíkur skattskyldur afrakstur er alltaf skattlagður með skattprósentu einstaklings. Viðmiðunargrundvöllur fjármagnstekjuskatts er ævinlega – og á það einnig við um helmingsskattlagningu – allur skattskyldi afraksturinn. Þá tókum við tillit til innsendra beiðna um skattleysi og vottorða vegna skattalækkunar. Ef um helmingsskattlagningu er að ræða er hægt að endurgreiða ofgreiddan fjármagnstekjuskatt í tengslum við tekjuskattsframtal.

Skattskyldur afrakstur lýtur fjármagnstekjuskatti og álögum til að fjármagna sameiningu Austur- og Vestur-Þýskalands, sem okkur ber samkvæmt lagaákvæðum að halda eftir við útborganir í nafni hins skattskylda, og afhenda síðan viðkomandi skattstofu.

Ef skattgreiðandi er kirkjuskattsskyldur höldum við eftir þeim kirkjuskatti sem kemur í hlut fjármagnstekjuskattsins, og greiðum til viðkomandi skattstofu. Áður spyrjumst við fyrir hjá miðlægri skattstofu Sambandslýðveldisins (Bundeszentralamt für Steuern, BZSt), og gefum sjálfvirkt upp skattgreiðsluauðkenni og fæðingardag, hvort viðkomandi skattgreiðandi sé kirkjuskattsskyldur (svonefnd tilefnisfyrirspurn). BZSt tilkynnir okkur þá um aðild að trúfélagi, ef við á, og kirkjuskattsprósentu sem í gildi er.

Skattgreiðandinn getur á þar til gerðu og tilskyldu eyðublaði andmælt skriflega gagnvart BZSt miðlun gagna um aðild að trúfélagi (svonefnd læsingarmerking). Í því tilvikum er skattgreiðandinn skuldbundinn til að skila inn tekjuskattsframtali vegna viðkomandi almanaksárs. Skattstofan leggur þá á kirkjuskatt á grundvelli fjármagnstekjuskatts. BZSt getur því aðeins tekið læsingarmerkingu til greina ef andmælin berast þangað í síðasta lagi tveimur mánuðum áður en upplýsingar þar um berast frá okkur. Við upplýsum skattgreiðandann um væntanlega upplýsingagjöf og andmælarétt sinn gagnvart BZSt áður en að tilefnisfyrirspurn kemur.

Ef skattgreiðandi tilheyrir engu trúfélagi, eða hafi hann andmælt miðlun gagna um sig þar að lútandi, sendir BZSt okkur svonefnt Núllgildi. Í þeim tilvikum höldum við ekki eftir neinum kirkjuskatti.

Greiðslur inneigna sem falla til ef um alvarlega sjúkdóma er að ræða (Dread-Disease-Option) eru tekjuskattslausar.

Greiðslur inneigna við andlát eru tekjuskattslausar.

Fari réttthafi lífeyrisins fram á millifærslu sjóðshluta í stað fjárgreiðslu er skattaleg meðferð millifærslunnar eins og um fjárgreiðslu inneignar væri að ræða. Sem tryggingargreiðslu skal skrá það afturköllunarverð millifærðu sjóðshlutanna, sem gilt hefði, ef tryggingargreiðslan hefði verið reiknuð út sem fjárgreiðsla. Við frádrátt fjármagnstekjuskattsins er þeim fjölda sjóðshluta haldið eftir sem samsvarar verðgildi fjármagnstekjuskatts sem skila skal. Að öðru leyti gilda útlístanir þessa upplýsingablaðs, um greiðslu inneigna við lífun og við andlát, um millifærslu sjóðshluta, á sama hátt.

Umbreyting söfnunarlífeyristryggingar með eða án breytilegrar lágmarksgreiðslu (FlexVorsorge Varío) í hefðbundna lífeyristryggingu felur í sér verulega breytingu á tryggingarsamningnum (svonefnd Totalnovation-nýjung). Með umbreytingu lýkur fyrri samningi og tryggingargreiðsla samkvæmt FlexVorsorge Varío telst hafa borist þér, í skattalegu tilliti. Hún verður skattlögð eins og greiðsla inneignar við lífun. Hefðbundna lífeyristryggingin fær skattalega meðferð eins og nýr samningur. Einkum byrjar nauðsynlegur 12 ára lágmarkssamningstími vegna helmingsskattlagningar fjármagnstekna að telja upp á nýtt, frá og með umbreytingu.

Kostnað sem stofnast vegna tryggingarsamningsins er hugsanlega hægt að færa sem auglýsingakostnað í tekjuskattsframtali.

Við sölu tryggingarinnar skal skattleggja afraksturinn sem tekur af fjármagni í tengslum við tekjuskattsframtal. Skattskyldur afrakstur fæst með því að draga samanlagða upphæð greiddra iðgjalda fram að sölu frá söluandvirði. Helmingsskattlagning kemur ekki til greina. Hvorki fjármagnstekjuskatti né álögum vegna sameiningar Austur- og Vestur-Þýskalands er haldið eftir. Okkur ber lagaleg skylda til að greina skattstofu þar sem þú átt lögheimili, frá söluinni. Við sendum þér staðfestingu á greiddum iðgjöldum fram að sölu, sé þess óskað.

Alþjóðleg miðlun skattupplýsinga um bankareikninga

Til að stuðla að skattheiðarleika í alþjóðlegum viðskiptum ber okkur lagaleg skylda til að afla upplýsinga, gagna og skjala í tengslum við samninginn. Við vinnum úr öfluðum gögnum og tilkynnum þau, ef við á, til miðlægrar skattstofu Sambandslýðveldisins (Bundeszentralamt für Steuern, BZSt). BZSt miðlar þeim gögnum sem við tilkynnum um til þar til þær eru erlendra skattfirvalda í viðkomandi ríki.

Þú þarft að leggja fyrir okkur tafarlaust allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að uppfylla lögboðnar skyldur okkar. Slíkt á ekki aðeins við við samningsgerð, heldur einnig á gildistíma samningsins og við tjónsatburð. Við breytingar á þessum upplýsingum og gögnum þarf að tilkynna okkur slíkt tafarlaust. Einkum ber að tilkynna okkur tafarlaust ef þú flytur til útlanda.

Sjálfvirk skipti á upplýsingum við ríki utan BNA

Okkur ber lögum samkvæmt að athuga hvort um tilkynningaskylda samninga sé að ræða. Um þessar mundir berst tilkynning til BZSt varðandi

- aðildarríki ESB vegna stjórnáskráðstöðar og
- þriðju landa á grundvelli milliríkjasamninga við Sambandslýðveldið Þýskaland.

Tilkynningaskyldir eru samningar þar sem reikningseigandi á skattalegt lögheimili í öðru ríki en í Sambandslýðveldinu Þýskaland (BRD). Skattalegt lögheimili ræðst af réttarfrýrmælum í viðkomandi ríki, hverju sinni.

Ef um skattalegt lögheimili erlendis er að ræða ber okkur skylda til að afla eftirfarandi gagna:

- nafn, heimilisfang, skattauðkennisnúmer sem og fæðingardagur og -staður hvers tilkynningaskylds manns sem er reikningseigandi samningsins;
- ef um aðila er að ræða sem er eigandi reiknings, þar sem einn eða fleiri tilkynningarskyldir menn með skattalegt lögheimili komu í ljós: nafn, heimilisfang og skattauðkennisnúmer þessa aðila, sem og nafn, heimilisfang, skattauðkennisnúmer, fæðingardagur og -staður hvers tilkynningaskylds manns.

Sjálfvirk skipti á upplýsingum við Bandaríki Norður-Ameríku (BNA)

Okkur ber lögum samkvæmt að athuga hvort um tilkynningaskylda samninga sé að ræða. Grundvöllur þessa er milliríkjasamkomulag BRD og BNA.

Tilkynningaskyldir eru samningar þar sem reikningseigandi á skattalegt lögheimili í BNA. Það eru m.a. einstaklingar sem

- eru bandarískir ríkisborgarar eða
- eru handhafar vegabréfsáritunar innflytjenda til BNA („Green Card“) eða
- hafa á viðkomandi ári dvalið í að minnsta kosti 31 sólarhring í BNA eða hyggja á slíka dvöl þetta sama ár, og sem dvöldu líka samanlagt í BNA á undangengnum þremur árum í að minnsta kosti 183 sólarhringa.

Ef um skattalegt lögheimili í BNA er að ræða ber okkur skylda til að afla eftirfarandi gagna:

- nafn, heimilisfang og skattauðkennisnúmer í BNA hvers tilgreinds manns í BNA sem er reikningseigandi samningsins;

- ef um óvirkan aðila er að ræða, sem er ekki Bandaríkjamadur, og sem er á vegum eins eða fleiri tilgreindra bandarískra aðila, þá: nafn, heimilisfang og ef við á bandarískt skattauðkennisnúmer þessa aðila, sem og allra tilgreindra Bandaríkjamanna.

II. Lífeyristryggingar fyrirtækja

Iðgjöld sem rekstrarkostnaður

Iðgjöld til rekstrartengdra lífeyristrygginga (t.d. baktrygginga vegna lífeyrissamninga starfsmanna) og viðbótartrygginga eru frádráttarbær til skatts sem rekstrarkostnaður. Þegar um styrktarsjóðssamkomulag er að ræða fer frádráttur rekstrarkostnaðar eftir fjárframlagi til styrktarsjóðsins. Að svo miklu leyti sem þau eru baktryggð reiknast framlögin eftir iðgjöldum til viðkomandi baktryggingar. Ef hagnaður finnst með tekju-arðsútreikningi (3. mgr. 4. gr. laga um tekjuskatt), þá kemur frádráttur vegna rekstrarkostnaðar, að teknu tilliti til tímabils, ekki til greina. Hins vegar eru iðgjöld vegna viðbótartrygginga strax frádráttarbær.

Skattlagning tryggingargreiðslu

Halda skal til streitu ógjaldföllnum kröfum um greiðslur úr lífeyristryggingum sem teljast til eigna í þágu rekstrarins; slíkt skal gert við útreikning hagnaðar með því að bera saman ársreikninga. Við útreikning arðs með tekju-arðsútreikningi falla niður tryggingarkröfur sem haldið var til streitu.

Í starfsörorku- og örorku-viðbótartryggingum getur verið skylt að halda til streitu hluta af ógjaldföllnum tryggingakröfum á lífeyrisgreiðslutíma. Við útreikning hagnaðar með tekju-arðsútreikningi (3. mgr. 4. gr. laga um tekjuskatt) falla niður tryggingarkröfur sem hugsanlega var haldið til streitu.

Fara skal með gjaldfallnar greiðslur úr lífeyristryggingum og viðbótartryggingum sem rekstrartekjur. Á móti skal, ef við á, fella niður eða skerða verðgildi krafna sem haldið er til streitu.

B. Erfðafjár- / gjafaskattur

Greiðslur úr lífeyristryggingum og inniföldum viðbótartryggingum, sem tryggingartaki fær sjálfur, eru hvorki erfðafjár- né gjafaskattskyldar.

Greiðslur sem annar maður fær sem gjöf frá tryggingartaka eða við andlát hans (t.d. vegna bótaréttar eða sem hluta af arfleifð) eru erfðafjár- eða gjafaskattskyldar (3. og 7. gr. laga um erfðafjár- og gjafaskatt).

Ef samningurinn er framseldur til annars tryggingartaka sem gjöf tryggingartaka eða við andlát hans, er verðmæti samningsins, á þeim tímapunkti þegar framsal á sér stað, erfðafjár- eða gjafaskattskyld.

Ævilífeyrir sem einhver annar fær er metinn til erfðafjár- eða gjafaskatts, annað hvort með útreiknaðri eingreiðslu inneignar (13. og 14. gr. laga um verðmætamat, Bewertungsgesetz) eða með ársverðmæti (15. gr. laga um verðmætamat, Bewertungsgesetz). Skattgreiðandi getur valið um það hvaða verðgildi skuli notað: Kjósi hann verðgildi inneignar er erfðafjár- eða gjafaskattur greiddur einu sinni fyrir allan lífeyrisgreiðslutímamann með eingreiðslu. Kjósi hann ársverðmæti greiðist erfðafjár- eða gjafaskattur reglubundið, sem árleg fyrirframgreiðsla.

Hvort og í hvaða mæli komi í reynd til umræddrar erfðafjár- eða gjafaskattskyldu ræðst af aðstæðum viðkomandi aðila (t.d. fjölskylduvenslum og skattfríðindum sem fyrir hendi eru).

Okkur er lögum samkvæmt skylt að tilkynna viðkomandi skattstofu um útborganir til annarra en tryggingartaka og framsal á eignarhaldi tryggingartaka (33. gr. laga um erfðafjár- og gjafaskatt, 3. gr. reglugerðar um meðferð erfðafjárskatts).

**C. Tryggingarskattur og veltuskattur (öðru nafni:
virðisaukaskattur)**

Iðgjöld vegna lífeyrstrygginga sem og viðbótartrygginga lúta ekki tryggingarskatti (5. tölul., 4. gr. laga um tryggingaskatt, VersStG).

Greiðslur úr og iðgjöld vegna lífeyrstrygginga sem og viðbótartrygginga eru undanþegin veltuskatti. Þetta á við um allt Evrópusambandið.

Upplýsingablað um gagnavinnslu

Staða: 15.04.2018 – Prentnúmer D5700036

Með ábendingum þessum upplýsum við þig um vinnslu persónuupplýsingar og rétt þinn samkvæmt lögum um persónuvernd.

Ef spurningar vakna eða ef óskað er eftir gögnum sem minnst er á í upplýsingablaðinu, snúið ykkur þá til eftirtalins fyrirtækis sem er ábyrgt fyrir gagnavinnslunni.

Ábyrgðaraðili gagnavinnslu

Ábyrgðaraðili gagnavinnslu: er sá sem tekur á sig áhættuna hverju sinni, það er að segja, sá sem tryggingarsamningurinn var gerður við:

Bayern-Versicherung
Lebensversicherung Aktiengesellschaft
Maximilianstrasse 53
80530 München
Netfang: service@vkb.de

eða

Versicherungskammer Versicherungsgemeinschaft
Öffentliche Leben Berlin Brandenburg
fulltrúi þess er
Bayern-Versicherung
Lebensversicherung Aktiengesellschaft
10913 Berlin
Netfang: service@feuersozietat.de

eða

Versicherungskammer Versicherungsgemeinschaft
SAARLAND Leben
fulltrúi þess er
Bayern-Versicherung
Lebensversicherung Aktiengesellschaft
[hlutafélag]
Pósthólf 10 26 62
66026 Saarbrücken
Netfang: service@saarland-versicherungen.de

Hafa má samband við umsjónarmann upplýsinga samsteypunnar undir:
Versicherungskammer Bayern
Datenschutz
Maximilianstraße 53
80530 München
Netfang: datenschutz@vkb.de

Tilgangur og réttargrundvöllur gagnavinnslunnar

Við vinnum persónuupplýsingar þínar að teknu tilliti til grunnreglugerðar ESB um persónuvernd (DSGVO), laga Sambandslýðveldisins um persónuvernd (BDSG), ákvæða laga um persónuvernd sem máli skipta um tryggingasamninga (VVG) sem og allra annarra mikilvægra laga. Ennfremur hefur fyrirtækið skuldbundið sig til að fara að „Siðareglum þýskra vátryggjenda um meðferð persónuupplýsinga“, sem kveða skýrt á um ofangreind lög sem gilda um vátryggingageirann. Þær siðareglur má kalla fram á netinu undir

www.vkb.de/web/html/pk/ihre_vkb/datenschutz/code_of_conduct

eða

www.feuersozietat.de/web/html/privat/ueber_uns/datenschutz/code_of_conduct

eða

www.saarland-versicherungen.de/web/html/privat/ueber_uns/datenschutz/code_of_conduct/index.html

Ef sótt er um tryggingarvernd þurfum við þær upplýsingar sem veittar voru í því sambandi fyrir undirritun samningsins og til að meta áhættuna sem við tökum á okkur. Ef gerður verður tryggingarsamningur vinnum við úr þeim upplýsingum við framkvæmd samningssambandsins, t.d. varðandi gerð tryggingarskírteinis eða reikningsskrif. Upplýsingar t.d. um tjón þurfum við meðal annars til að geta metið hvort tryggingaratburður hafi átt sér stað og hversu mikið tjónið sé.

Gerð eða framkvæmd tryggingasamningsins verður ekki við komið án vinnslu persónuupplýsinga þinna.

Því til viðbótar þurfum við persónuupplýsingar þínar til að taka saman tryggingartengda tölfærði, t.d. við þróun nýrra gjaldskráa eða til að uppfylla gildandi fyrirmæli um eftirlit. Gögn um alla gildandi samninga við okkur notum við við allsherjarmat á viðskiptamannasamböndum, til dæmis varðandi ráðgjöf og samningsaðlögun, -viðbætur eða til ítarlegrar upplýsingagjafar.

Réttargrundvöllur þessarar vinnslu persónuupplýsinga fyrir og eftir samningsgerð er 1. mgr. b) 6. gr. DSGVO. Að svo miklu leyti sem þörf er á sérstökum flokkum persónuupplýsinga (t.d. heilsufarsupplýsingum þínum við gerð líftryggingarsamnings), óskum við eftir samþykki þínu samkvæmt 2. mgr. a), 9. gr. í tengslum við 7. gr. DSGVO. Ef við tökum saman tölfærði í þessum gagnaflokkum gerist slíkt á grundvelli 2. mgr. j), 9. gr. DSGVO í tengslum við 27. gr. BDSG.

Við vinnum einnig úr upplýsingunum til að standa vörð um réttmæta hagsmuni okkar eða þriðju aðila (1. mgr.1 f), 6. gr. DSGVO. Þetta kann einkum að vera nauðsynlegt:

- til að tryggja öryggi upplýsinga og -vinnslu,
- til að auglýsa tryggingaafurðir okkar og aðrar afurðir fyrirtækja samsteypunnar Versicherungskammer Bayern og samstarfsaðila, sem og vegna markaðs- og skoðanakannana,
- til að koma í veg fyrir og koma upp um refsivert athæfi, einkum notum við gagnagreiningu til að koma auga á ábendingar sem bent geta til tryggingamisferlis.

Ennfremur vinnum við úr persónuupplýsingum til að uppfylla lagalegar skyldur svo sem t.d. fyrirmæli og reglur um eftirlit, viðskiptalegar og skattalagalegar skyldur varðandi varðveislu eða þær skyldur um ráðgjöf sem á okkur hvíla. Réttargrundvöllur vinnslunnar eru í því tilvikum lögbodnar reglur hverju sinni í tengslum við 1. mgr. 1c), 6. gr. DSGVO.

Ef við kjósum að vinna úr persónuupplýsingum þínum í einhverjum tilgangi sem ekki er talinn upp hér að framan upplýsum við þig um það fyrirfram samkvæmt lagaákvæðum.

Flokkar þeirra sem taka við persónuupplýsingum

Endurtryggjendur:

Áhættur sem við tökum á okkur tryggjum við hjá sérstökum tryggingafélögum (endurtryggjendur). Þess vegna getur reynst nauðsynlegt að miðla upplýsingum um samninginn og tjónið til endurtryggjanda, þannig að hann geti myndað sér skoðun á áhættunni eða tryggingartilvikum. Auk þess er hugsanlegt að endurtryggjandi aðstoði okkur við áhættumat og mat á bótaskyldu sem og við mat á vinnsluferlum. Við miðlum upplýsingum þínum til endurtryggjanda, en aðeins í þeim mæli sem nauðsynlegt er til að standa við tryggingarsamninginn við þig eða til að standa vörð um réttmæta hagsmuni okkar. Frekari upplýsingar má fá hjá ofangreindum heimilisföngum/netföngum þess sem ábyrgur er fyrir gagnavinnslunni.

Miðlarar:

Að svo miklu leyti sem miðlari annast tryggingarsamninga þína vinnur miðlarinn úr nauðsynlegum umsóknar-, samnings- og tjónagögnum sem nauðsynleg eru fyrir samningsgerð og við framkvæmd samnings. Fyrirtæki okkar miðlar gögnum þessum einnig til þeirra miðlara sem annast þín mál, að svo miklu leyti sem þeir þurfa þeirra með við umönnun og ráðgjöf í tengslum við tryggingar- og fjármálaþjónustu.

Gagnavinnsla í fyrirtækjahópnum:

Sérhæfð fyrirtæki eða svið innan fyrirtækjahóps okkar taka að sér tiltekin upplýsingavinnsluverkefni fyrir fyrirtæki innan hópsins, miðlægt. Ef tryggingarsamningur er kominn á milli þín og eins eða fleiri fyrirtækja innan hópsins er hægt að vinna gögnin þín til dæmis í þágu miðlægrar umsýslu vegna upplýsinga um heimilisföng, símaþjónustu við viðskiptamenn, við vinnslu samnings og greiðslna, við innheimtu og greiðslur eða í þágu sameiginlegrar póstvinnslu, miðlægt hjá einu fyrirtæki í hópnum. Í lista okkar yfir veitendur þjónustu er að finna þau fyrirtæki sem aðild eiga að miðlægre gagnavinnslu.

Veitendur þjónustu utan fyrirtækisins:

Til að uppfylla samningsbundnar og lagalegar skyldur okkar nýtum við að nokkru þjónustuaðila utan fyrirtækisins.

Gildandi lista hverju sinni yfir verktaka og þjónustuaðila sem við notumst við og ekki eru aðeins í viðskiptasambandi við okkur til skamms tíma má sjá á vefsíðu okkar

https://www.vkb.de/web/html/pk/ihre_vkb/datenschutz/code_of_conduct t (yfirlit yfir þjónustuaðila) eða hjá þeim sem ábyrgur er fyrir gagnavinnslunni.

Aðrir viðtakendur:

Þar fyrir utan getum við miðlað persónuupplýsingum þínum til annarra viðtakenda, t.d. yfirvalda, til að uppfylla lögboðnar tilkynningaskyldur okkar (t.d. þeirra er annast almannatryggingar, fjármálaýfirvalda eða sakamálayfirvalda).

Tímalengd gagnavörslu

Við eyðum persónuupplýsingum þínum um leið og þeirra er ekki lengur þörf í ofangreindum tilgangi. Vera kann að við varðveitum persónuupplýsingar þínar þann tíma sem gera má kröfur á hendur fyrirtækisins (lögboðinn fyrningarrestur frá þremur árum og allt upp í þrjátíu ár). Auk þess vistum við persónuupplýsingarnar að svo miklu leyti sem okkur ber lagaleg skylda til slíks. Viðkomandi sönnunar- og varðveisluskyldur stofnast meðal annars á grundvelli verslunarlaga, skattalaga og laga um peningabævti. Varðveislufrestur getur samkvæmt því numið allt að tíu árum.

Réttur hlutaðeigandi aðila

Á ofangreindu heimilisfangi má fara fram á upplýsingar um þau gögn um þig sem vistuð eru. Auk þess má, að uppfylltum vissum skilyrðum, fara fram á að gögnin verði leiðrétt eða þeim eytt. Auk þess kann þú að eiga rétt á því að takmörkuð verði vinnsla upplýsinganna, sem og að eiga rétt á að þær upplýsingar sem þú lést í té verði afhentar með skipulegum, aðgengilegum og vélrænt læsilegum hætti.

Andmælaréttur

Þú átt rétt á að andmæla því að persónuupplýsingarnar verði unnar í þágu beinna auglýsinga.

Ef við vinnum úr gögnunum til að standa vörð um réttmæta hagsmuni getur þú andmælt slíkri úrvinnslu ef sérstakir persónuhagir þínir eru þess eðlis að þeir samrýmist ekki gagnavinnslunni.

Umkvörtunarréttur

Þú átt kost á því að snúa þér til ofangreinds umsóknarmanns upplýsinga eða yfirvalda persónuverndar með umkvörtunarefni.

Ábyrg eru yfirvöld persónuverndar þess Sambandslands, þar sem við, sem ábyrgðaraðili gagnavinnslu, eigum höfuðstöðvar okkar.

Ábendinga- og upplýsingakerfi váttryggingageirans

Í því skyni að meta betur áhættu í umsóknartilviki styðst váttryggingageirinn við ábendinga- og upplýsingakerfi (HIS) fyrirtækisins informa HIS GmbH, til að skýra málavexti við mat á greiðsluskyldu, sem og í baráttunni við tryggingamisferli. Í því skyni er nauðsynlegt að skiptast á tilteknum persónuupplýsingum við HIS.

Nánar um það er að finna í upplýsingablaðinu „Upplýsingar um miðlun gagna til informa HIS á grundvelli 13. og 14. gr. DSGVO“ á heimasíðu okkar undir https://www.vkb.de/web/html/pk/ihre_vkb/datenschutz/code_of_conduct eða óska eftir hjá þeim sem ábyrgur er fyrir gagnavinnslunni.

Skiptst á upplýsingum við fyrri váttryggjanda

Til að geta sannreynt upplýsingarnar við gerð tryggingasamningsins (t.d. við yfirfærslu tjónleysisafsláttar í ábyrgðartryggingu ökutækja) eða upplýsingar þínar þegar til tryggingartilviks kemur, og eins til að bæta þar einhverju við ef þörf krefur, getur komið til þess að tryggingafélagið sem tilgreint eru í umsókninni miðli persónuupplýsingum að svo miklu leyti sem þurfa þykir.